

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2018/2067****2020/EES/5/52****frá 19. desember 2018****um sannprófun á gögnum og um faggildingu sannprófenda samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB ⁽¹⁾, einkum þriðju málsgrein 15. gr. og annari málsgrein 10. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Þessi reglugerð ætti að öðlast gildi sem fyrst til að taka til greina fyrstu útgáfu af alþjóðlegum stöðlum og ráðlögðum starfsvenjum varðandi umhverfisvernd - kerfi til kolefnisjöfnunar og -skerðingar í alþjóðaflugi (e. *Carbon Offsetting and Reduction Scheme for International Aviation* (CORSA)) (IV. bindi 16. viðauka við Chicago-samninginn), sem ráð Alþjóðaflugmálastofnunarinnar samþykkti á tíunda fundi 214. fundar þess 27. júní 2018, sem er ætlað að koma til framkvæmda frá og með 2019.
- 2) Heildarrámi um reglur fyrir faggildingu sannprófenda er nauðsynlegur til að tryggja að sannprófun á skýrslum rekstraraðila eða umráðenda loftfara, innan ramma kerfis Sambandsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda, sem leggja skal fram í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2066 ⁽²⁾, sé unnin af sannprófundum sem búa yfir tæknilegri færni til að inna af hendi, með óháðum og óhlutdrægum hætti, þau verkefni sem þeim eru falin og í samræmi við þær kröfur og meginreglur sem settar eru fram í þessari reglugerð.
- 3) Reynslan af beitingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 600/2012 ⁽³⁾ hefur sýnt að nauðsynlegt er að bæta, skýra nánar og einfalda faggildingar- og sannprófunarreglurnar til að stuðla að frekari samræmingu og auka skilvirkni kerfisins. Því þarf að gera fjölda breytinga á reglugerð (ESB) nr. 600/2012. Til glöggvunar ætti að skipta þeirri reglugerð út.
- 4) Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB ⁽⁴⁾ var komið á fót almennum ramma til að greiða fyrir frjálsu flæði þjónustu og þjónustuveitenda innan Sambandsins og viðhalda samtímis háu gæðastigi þjónustu. Samhæfing innan Sambandsins á reglum um faggildingu og sannprófun, sem varða viðskiptakerfi Sambandsins fyrir losunarheimildir, ætti að stuðla að samkeppni á markaði fyrir sannprófundur og tryggja um leið gagnsæi og upplýsingar fyrir rekstraraðila og umráðendur loftfara.
- 5) Við framkvæmd 15. gr. tilskipunar 2003/87/EB er nauðsynlegt að tryggja samvirkni milli heildarrammans um faggildingu, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 ⁽⁵⁾ og tengdum ákvæðum í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 768/2008/EB ⁽⁶⁾, annars vegar og sérkenna kerfis Sambandsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda og krafna, sem eru nauðsynlegar til að hrinda megi í framkvæmd tilskipun 2003/87/EB á skilvirkan hátt, hins vegar. Reglugerð (EB) nr. 765/2008 ætti að gilda áfram um þá þætti sem varða faggildingu sannprófenda sem ekki er fjallað um í þessari reglugerð. Einkum ætti að tryggja að í þeim tilvikum þar sem landsyfirvald, sem viðkomandi aðildarríki tilnefnir í samræmi við reglugerð (EB) nr. 765/2008 á grundvelli

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. 2018, ESB L 334, 31.12.2018, bls. 94. Henni var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 320/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stj. 2003, ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2066 frá 19. desember 2018 um vöktun á losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf um losunina samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 601/2012 (Stj. 2012, ESB L 334, 31.12.2012, bls. 1).

(3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 600/2012 frá 21. júní 2012 um sannprófun á skýrslum um losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslum um tonnklómetra og faggildingu sannprófenda samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stj. 2012, ESB L 181, 12.7.2012, bls. 1).

(4) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB frá 12. desember 2006 um þjónustu á innri markaðnum (Stj. 2006, ESB L 376, 27.12.2006, bls. 36).

(5) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 frá 9. júlí 2008 um kröfur varðandi faggildingu og markaðseftirlit í tengslum við markaðssetningu á vörum og um niðurfellingu reglugerðar (EBE) nr. 339/93 (Stj. 2008, ESB L 218, 13.8.2008, bls. 30).

(6) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 768/2008/EB frá 9. júlí 2008 um sameiginlegan ramma um markaðssetningu á vörum og um niðurfellingu á ákvörðun ráðsins 93/465/EEB (Stj. 2008, ESB L 218, 13.8.2008, bls. 82).

eigin starfsvenja, viðhefur annars konar aðferð við faggildingu, þ.e. vottun á sannprófendum sem eru einstaklingar, skuli hlutaðeigandi aðildarríki leggja fram skrifleg sönnunargögn fyrir því að slíkt yfirvald njóti sama trúverðugleika og faggildingarstofur aðildarríkis sem hafa gengist undir og staðist jafningjamat sem stofnunin, sem er viðurkennd skv. 14. gr. þeirrar reglugerðar, skipuleggur.

- 6) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 ⁽⁷⁾ er kveðið á um óháð og hlutlaust faggildingar- eða leyfisveitingarkerfi fyrir umhverfissannprófendum. Með skírskotun til samræmis og til að draga úr stjórnsýsluálagi á aðildarríkin og rekstraraðila þykir rétt að hafa hliðsjón af samvirkni milli framangreinds og þessarar reglugerðar.
- 7) Komast ætti hjá því að sannprófunar- og faggildingarkerfið feli í sér óþarfa tvítekningu á aðferðum og stofnunum sem komið er á fót samkvæmt öðrum lagagæringum Sambandsins sem myndi valda aðildarríkjum eða rekstraraðilum auknum byrðum. Þess vegna þykir rétt að líta til bestu starfsvenja sem tilkomnar eru við beitingu samhæfðra staðla sem Staðlasamtök Evrópu samþykktu á grundvelli beiðni frá framkvæmdastjórninni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 ⁽⁸⁾, s.s. samhæfða staðalsins sem varðar almennar kröfur til faggildingarstofa, sem sinna faggildingu aðila sem annast samræmismat, og samhæfða staðalsins, sem varðar kröfur til fullgildingar- og sannprófunaraðila í tengslum við gróðurhúsalofttegundir til notkunar við faggildingu eða annars konar viðurkenningu og tilvísun í þá hefur verið birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, sem og skjals EA-6/03 og annarra tækniskjala sem Evrópusamtök um faggildingu eða aðrir aðilar hafa þróað.
- 8) Þegar settar eru samræmdar reglur um sannprófun á skýrslum rekstraraðila eða umráðanda loftfara og faggildingu sannprófenda er nauðsynlegt að tryggja að sú byrði, sem lögð er á rekstraraðila sem losa lítið magn af koltvísýringi (CO₂) á ári, á umráðendum loftfara sem taldir eru smálosendur í skilningi framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066 sem og á tiltæk tilföng aðildarríkjanna, sé hófleg í ljósi þeirra markmiða sem stefnt er að.
- 9) Til þess að nýta samlegðaráhrif sem best og með hliðsjón af mikilvægi þess að sannprófa gögn, sem eru notuð til að uppfæra fyrirframákveðnar viðmiðanir og ákvarða úthlutun án endurgjalds til stöðva, er rétt að fella reglur um sannprófun á skýrslum um grunn gögn og skýrslum með gögnum um nýja aðila, sem krafist er samkvæmt framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar .../... frá 19. desember 2018 um umbreytingarreglur á vettvangi Sambandsins um samræmda úthlutun losunarheimilda án endurgjalds skv. 10. gr. a í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB ⁽⁹⁾, inn í samræmdar reglur um sannprófun og faggildingu sannprófenda.
- 10) Í 27. gr. tilskipunar 2003/87/EB er aðildarríkjum gert kleift að undanskilja litlar stöðvar, með fyrirvara um jafngildar ráðstafanir, frá kerfi Sambandsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda, að því tilskildu að skilyrðin sem fram koma í greininni séu uppfyllt. Í 27. gr. a í tilskipun 2003/87/EB er aðildarríkjum gert kleift að undanskilja stöðvar, sem losa minna en 2500 tonn, frá kerfi Sambandsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda, að því tilskildu að skilyrðin sem fram koma í greininni séu uppfyllt. Þessi reglugerð ætti ekki að gilda beint um þær stöðvar, sem undanskildar eru skv. 27. gr. eða 27. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, nema aðildarríkið ákveði að reglugerðin skuli gilda.
- 11) Sannprófundinn ætti að fara í vettvangsheimsóknir, í samræmi við meginreglurnar í V. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, til að kanna mörk hlutaðeigandi stöðvar eða umráðanda loftfars, til þess að meta virkni mælíbúnaðar og vöktunarkerfa, til þess að taka viðtöl og til þess að sinna öðrum störfum. Einungis ætti að veita undanþágu frá vettvangsheimsókn sannprófundans samkvæmt sérstökum skilyrðum.
- 12) Í samræmi við meginreglurnar í V. viðauka við tilskipun 2003/87/EB ætti sannprófundinn að beita áhættumiðaðri nálgun með það að markmiði að skila sannprófunarálitum sem veitir fullnægjandi áreiðanleika um að ekki séu verulegar rangfærslur um heildarlosun eða tonnkilómetra og að hægt sé að staðfesta skýrsluna sem fullnægjandi. Áreiðanleikastigið ætti að vera í samræmi við það hversu ítarleg og nákvæm sannprófunarstörfin eru, sem innt eru af hendi við sannprófunina, og orðalag í yfirlýsingu um sannprófunarálit. Ef niðurstöður og upplýsingar sem aflað er

⁽⁷⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 frá 25. nóvember 2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 761/2001 og ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar 2001/681/EB og 2006/193/EB (Stjút. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 1).

⁽⁸⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 um evrópska stöðlun og breytingu á tilskipunum ráðsins 89/686/EBE og 93/15/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 94/9/EB, 94/25/EB, 95/16/EB, 97/23/EB, 98/34/EB, 2004/22/EB, 2007/23/EB, 2009/23/EB og 2009/105/EB og niðurfellingu á ákvörðun ráðsins 87/95/EBE og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1673/2006/EB (Stjút. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12).

⁽⁹⁾ Hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum.

meðan á sannprófunarferlinu stendur útheimta slíkt ætti sannprófanda að vera skylt að aðlaga eina eða fleiri aðgerð í sannprófunarferlinu til að uppfylla kröfur um að ná fram fullnægjandi áreiðanleika.

- 13) Til þess að halda megi hlutverkum lögbærs yfirvalds og sannprófanda aðskildum ættu skyldur sannprófanda við framkvæmd sannprófunar að vera skýrt skilgreindar. Sannprófandi ætti að líta á vöktunaráætlunina, sem lögbært yfirvald hefur samþykkt, sem viðmiðunarpunktur og meta hvort áætluninni og aðferðunum, sem lýst er í áætluninni, hafi verið hrint í framkvæmd á réttan hátt. Ef sannprófandi greinir vanefndir á því að farið sé að ákvæðum framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066 ætti það að vera á ábyrgð sannprófundans að tilkynna um þessi vanefndaratriði í sannprófunarskýrslunni.
- 14) Fullur skilningur á starfsemi rekstraraðila eða umráðanda loftfars er nauðsynlegur fyrir framkvæmd skilvirkrar sannprófunar á skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars. Sannprófandi ætti einungis að inna af hendi umbeðin sannprófunarstörf eftir að fengist hefur fullvissa um, eftir bráðabirgðamat, að hann sé hæfur til þess. Til þess að ná fram háu gæðastigi í sannprófunarstörfum ætti að móta samræmdar reglur um bráðabirgðamat til þess að ákvarða hvort sannprófandi sé hæfur, óháður og óhlutdrægur þegar hann annast umbeðin sannprófunarstörf í samræmi við þær reglur og meginreglur sem settar eru fram í þessari reglugerð.
- 15) Það er mjög mikilvægt að rekstraraðili eða umráðandi loftfars og sannprófandi miðli viðeigandi upplýsingum sín á milli á öllum stigum sannprófunarferlisins, einkum í þeim hluta þess sem á sér stað áður en samningur er gerður, við framkvæmd skipulegrar greiningar af hendi sannprófundans og á meðan á allri sannprófuninni stendur. Það er nauðsynlegt að koma á samhæfðum kröfum sem ættu ætíð að gilda um þessa tilhögun upplýsingamiðlunar milli rekstraraðila eða umráðanda loftfars og sannprófanda.
- 16) Öll sannprófunarstörf í sannprófunarferlinu eru samtengd og þeim ætti að ljúka með því að sannprófundinn gefur út sannprófunarskýrslu sem inniheldur sannprófunaryfirlýsingu sem er í réttu samræmi við niðurstöðurnar úr sannprófunarmatinu. Koma ætti á samhæfðum kröfum um sannprófunarskýrslur og um framkvæmd sannprófunarstarfa til þess að tryggja að sannprófunarskýrslur og sannprófunarstörf í aðildarríkjunum uppfylli sömu kröfur.
- 17) Mikilvægur hluti í sannprófunarferlinu, sem ákvarðar hvernig sannprófandi ætti að haga sannprófunarstörfum, er að greina hversu viðkvæm uppgefin gögn eru fyrir rangfærslum sem gætu verið verulegar. Sérhver þáttur í sannprófunarferlinu skal því vera nátengdur niðurstöðum greiningar á þessari áhættu á rangfærslum.
- 18) Kveða ætti á um sértæk ákvæði sem varða sannprófun á skýrslum umráðenda loftfara og rekstraraðila svæða sem falla undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/31/EB ⁽¹⁰⁾.
- 19) Nákvæm og skilvirk skýrslugjöf um losun gróðurhúsalofttegunda af hálfu rekstraraðila eða umráðanda loftfars er mjög mikilvæg fyrir framkvæmd tilskipunar 2003/87/EB. Til þess að tryggja að vöktunar- og skýrslugjafarferlið virki sem skyldi ætti stöðugt betri frammistaða rekstraraðila eða umráðanda loftfars að vera hluti af þeim sannprófunarstörfum sem sannprófandi annast.
- 20) Einungis sannprófundur og hæft starfsfólk þeirra ættu að annast sannprófunarstörf og útgáfu sannprófunarskýrslna. Sannprófundur ættu að koma á innri ferlum og bæta þá stöðugt til þess að tryggja að allt starfsfólk, sem tekur þátt í sannprófunarstörfum, sé hæft til að sinna þeim verkefnum sem þeim eru falin. Viðmiðanir til að ákvarða hvort sannprófandi sé hæfur ættu að vera þær sömu í öllum aðildarríkjunum og ættu að vera sannprófanlegar, hlutlægar og gagnsæjar.
- 21) Faggildingarstofa aðildarríkis, sem komið var á fót samkvæmt reglugerð (EB) nr. 765/2008, ætti að hafa heimild til að faggilda og gefa út opinbera yfirlýsingu varðandi hæfni sannprófanda til að annast sannprófunarstörf samkvæmt þessari reglugerð, samþykka stjórnsýsluráðstafanir og sinna eftirliti með sannprófundum.
- 22) Sniðmát og sértæk skráasnið, sem sannprófundur eiga að nota, stuðla að samhæfingu milli aðildarríkjanna og því að komist sé hjá mismunandi nálgunum. Sannprófundur ættu að nota sniðmát eða sértæk skráasnið sem framkvæmdastjórnin þróar. Ef aðildarríki hefur þróað landsbundin sniðmát eða forskriftir að skráasniðum ættu þau að innihalda a.m.k. það sama og sniðmátin sem framkvæmdastjórnin þróar til að tryggja samhæfða nálgun.

⁽¹⁰⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/31/EB frá 23. apríl 2009 um geymslu koltvísýrings í jörðu og um breytingu á tilskipun ráðsins 85/337/EBE, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB, 2001/80/EB, 2004/35/EB, 2006/12/EB, 2008/1/EB og reglugerð (EB) nr 1013/2006 (Stjttð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 114).

- 23) Aðildarríki, sem álitur það hvorki fjárhagslega hagkvæmt né sjálfbært að koma á fót landsbundinni faggildingarstofu eða annast faggildingarstarfsemi, ætti að geta leitað til faggildingarstofu annars aðildarríkis. Einungis faggildingarstofur aðildarríkis, sem hafa gengist undir og staðist jafningjamat af hálfu stofnunarinnar sem er viðurkennd skv. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008, ættu að hafa heimild til að annast faggildingarstarfsemi samkvæmt þessari reglugerð.
- 24) Faggildingarstofur aðildarríkis, sem geta sýnt fram á samræmi við þessa reglugerð og sem hafa þegar gengist undir og staðist jafningjamat sem stofnunin, sem er viðurkennd skv. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008, hefur skipulagt, ættu að teljast hafa uppfyllt kröfur um málsmeðferð sem faggildingarstofur aðildarríkis þurfa að uppfylla, s.s. kröfur um uppbyggingu faggildingarstofu aðildarríkis, kröfur um að koma á hæfnisferli, kröfur um að koma á nauðsynlegum verklagsreglum og stjórnunarkerfi og fyrirkomulagi við að tryggja að upplýsingar, sem aflað er, séu trúnaðarmál og þær ættu að vera undanþegnar því að þurfa að gangast undir nýtt jafningjamat við gildistöku þessarar reglugerðar. Í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB⁽¹⁾ ætti að gera umhverfisupplýsingar, sem er að finna í sannprófuðum skýrslum rekstraraðila eða umráðanda loftfars og opinber yfirvöld hafa í sinni vörslu, opinberar til að tryggja gagnsæi, með fyrirvara um tilteknar trúnaðarkvaðir.
- 25) Skilvirk samvinna milli faggildingarstofa aðildarríkjanna eða, eftir atvikum, annarra landsyfirvalda, og lögbærra yfirvalda er mjög mikilvæg til að tryggja að kerfi um heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda sem og eftirlit með gæðum sannprófunar virki sem skyldi. Með skírskotun til gagnsæis er nauðsynlegt að tryggja að faggildingarstofur aðildarríkjanna eða, eftir atvikum, önnur landsyfirvöld, og lögbær yfirvöld komi á skilvirkum aðferðum við upplýsingaskipti. Upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda og milli lögbærra yfirvalda og faggildingarstofa aðildarríkjanna eða annarra landsyfirvalda ættu að falla undir ströngustu trúnaðarkvaðir og þagnarskyldu og skal þeim háttáð í samræmi við gildandi landslög og lög Sambandsins.
- 26) Þessi reglugerð inniheldur umbætur á faggildingu og sannprófun, sem taka til greina, að hluta til, fyrstu útgáfu af alþjóðlegum stöðlum og ráðlögðum starfsvenjum varðandi umhverfisvernd - kerfi til kolefnisjöfnunar og -skerðingar í alþjóðaflugi (CORSA) (IV. bindi 16. viðauka við Chicago-samninginn), sem ráð Alþjóðaflugmálastofnunarinnar samþykkti á tíunda fundi 214. fundar þess 27. júní 2018. Einnig er verið að breyta reglugerðinni um vöktun á losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf um losunina samkvæmt tilskipun 2003/87/EB, til að taka til greina fyrstu útgáfu af alþjóðlegum stöðlum og ráðlögðum starfsvenjum, og til viðbótar við þessa tvo gerninga er framseld gerð skv. 28. gr. c í tilskipun 2003/87/EB.
- 27) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um loftslagsbreytingar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um ákvæði um sannprófun á skýrslum, sem lagðar eru fram samkvæmt tilskipun 2003/87/EB, sem og um faggildingu á og eftirlit með sannprófundum.

Í þessari reglugerð eru einnig tilgreind, með fyrirvara um reglugerð (EB) nr. 765/2008, ákvæði um gagnkvæma viðurkenningu á sannprófundum og jafningjamat á faggildingarstofum aðildarríkjanna skv. 15. gr. tilskipunar 2003/87/EB.

2. gr.

Gildissvið

Þessi reglugerð skal gilda um sannprófun á gögnum um losun gróðurhúsalofttegunda og tonnkilómetra frá 1. janúar 2019, sem tilkynnt er um skv. 14. gr. tilskipunar 2003/87/EB, og um sannprófun á gögnum sem skipta máli fyrir uppfærslur á fyrirframákveðnum viðmiðunum og til að ákvarða úthlutun án endurgjalds til stöðva.

⁽¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB frá 28. janúar 2003 um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/313/EBE (Stjtíð. ESB L 41, 14.2.2003, bls. 26).

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð gilda eftirfarandi skilgreiningar auk þeirra skilgreininga sem mælt er fyrir um í 3. gr. tilskipunar 2003/87/EB og 3. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066:

- 1) „uppgötvunaráhætta“: sú áhætta sem er á því að sannprófandi uppgötvi ekki verulegar rangfærslur,
- 2) „faggilding“: staðfesting faggildingarstofu aðildarríkis þess efnis að sannprófandi uppfylli kröfurnar, sem settar eru fram í samhæfðum stöðlum í skilningi 9. liðar 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008, og kröfurnar, sem settar eru fram í þessari reglugerð, til að annast sannprófun á skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars samkvæmt þessari reglugerð,
- 3) „sannprófandi“: lögaðili eða annar lögformlegur aðili sem annast sannprófunarstörf samkvæmt þessari reglugerð og faggildingarstofa aðildarríkis hefur faggilt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 765/2008 og þessari reglugerð eða einstaklingur, sem hefur fengið til þess heimild með öðrum hætti, með fyrirvara um 2. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar, á þeim tíma þegar sannprófunarskýrsla er gefin út,
- 4) „sannprófun“: störf sem sannprófandi annast í þeim tilgangi að gefa út sannprófunarskýrslu samkvæmt þessari reglugerð,
- 5) „rangfærsla“: vanræksla, röng staðhæfing eða skekkja í uppgefnum gögnum rekstraraðila eða umráðanda loftfars, þó án tillits til þeirrar óvissu sem er leyfileg skv. a-lið 1. mgr. 12. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066,
- 6) „veruleg rangfærsla“: rangfærsla sem að mati sannprófundans, annaðhvort ein og sér eða uppsöfnuð með öðrum rangfærslum, vegur þyngra en mikilvægisstigið eða gæti haft áhrif á meðhöndlun lögbærs yfirvalds á skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars,
- 7) „skýrsla rekstraraðila eða umráðanda loftfars“: árleg skýrsla um losun sem rekstraraðili eða umráðandi loftfars skal leggja fram skv. 3. mgr. 14. gr. tilskipunar 2003/87/EB, skýrsla um tonnkilómetra sem umráðandi loftfars skal leggja fram í þeim tilgangi að sækja um úthlutun losunarheimilda skv. 3. gr. e og 3. gr. f í þeirri tilskipun, skýrsla um grunn gögn sem rekstraraðili leggur fram skv. 2. mgr. 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) .../... eða skýrsla um gögn sem rekstraraðili leggur fram skv. 2. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar,
- 8) „gildissvið faggildingar“: sú tegund starfsemi sem um getur í I. viðauka sem sótt er um faggildingingu fyrir eða sem faggilding hefur verið veitt fyrir,
- 9) „hæfni“: geta til að beita þekkingu og hæfileikum til þess að inna starf af hendi,
- 10) „mikilvægisstig“: meginleg mörk eða lokapunktur sem rangfærslur, einar sér eða uppsafnaðar með öðrum rangfærslum, þurfa að fara yfir til þess að sannprófandi telji þær verulegar,
- 11) „eftirlitskerfi“: áhættumat og öll eftirlitsstarfsemi, þ.m.t. viðvarandi stjórnun, sem rekstraraðili eða umráðandi loftfars hefur innleitt, skjalfest, framkvæmt og viðhaldið skv. 59. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066 eða skv. 11. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) .../..., eins og við á,
- 12) „eftirlitsstarfsemi“: allar þær athafnir eða ráðstafanir sem rekstraraðili eða umráðandi loftfars framkvæmir til að draga úr eðlislægri áhættu,
- 13) „ósamræmi“ merkir eitt af eftirtöldu:
 - a) að því er varðar sannprófun á skýrslu rekstraraðila um losun: sérhver athöfn eða vanræksla rekstraraðila sem er í andstöðu við leyfið til losunar gróðurhúsalofttegunda og kröfurnar í vöktunaráætluninni sem lögbært yfirvald hefur samþykkt,
 - b) að því er varðar sannprófun á skýrslu umráðanda loftfars um losun eða tonnkilómetra: sérhver athöfn eða vanræksla umráðanda loftfars sem er í andstöðu við kröfurnar í vöktunaráætluninni sem lögbært yfirvald hefur samþykkt,
 - c) að því er varðar sannprófun á skýrslu um grunn gögn sem rekstraraðili leggur fram skv. a-lið 2. mgr. 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) .../... eða skýrslu með gögnum um nýja aðila sem rekstraraðili leggur fram skv. 2. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar: sérhver athöfn eða vanræksla rekstraraðilans sem er í andstöðu við kröfurnar í áætluninni um aðferðafræði við vöktun,
 - d) að því er varðar faggildingingu skv. IV. kafla: sérhver athöfn eða vanræksla sannprófanda sem er í andstöðu við kröfur þessarar reglugerðar,

- 14) „staður“: að því er varðar sannprófun á skýrslu umráðanda loftfars um losun eða tonnkilómetra: staðir þar sem vöktunarferlið er skilgreint og því stjórnað, þ.m.t. staðir þar sem haft er eftirlit með viðeigandi gögnum og upplýsingum og þau geymd,
- 15) „eftirlitsumhverfi“: umhverfi þar sem innra eftirlitskerfi er virkt svo og allar aðgerðir í stjórnun rekstraraðila eða umráðanda loftfars til að tryggja vitund um þetta innra eftirlitskerfi,
- 16) „eðlislæg áhætta“: næmleiki mælipáttar í skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars fyrir rangfærslum sem gætu verið verulegar, einar sér eða uppsafnaðar með öðrum rangfærslum, áður en tillit er tekið til áhrifa tengdrar eftirlitsstarfsemi,
- 17) „eftirlitsáhætta“: næmleiki mælipáttar í skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars fyrir rangfærslum sem gætu verið verulegar, einar sér eða uppsafnaðar með öðrum rangfærslum, sem ekki er hægt að koma í veg fyrir eða greina og leiðrétta tímanlega með eftirlitskerfinu,
- 18) „sannprófunaráhætta“: áhætta, sem er afleiðing af eðlislægri áhættu, eftirlitsáhættu og uppgötvunaráhættu, á því að sannprófandi láti frá sér óviðunandi sannprófunarálit ef skýrsla rekstraraðila eða umráðanda loftfars er ekki laus við verulegar rangfærslur,
- 19) „fullnægjandi áreiðanleiki“: hátt en ekki fullkomið áreiðanleikastig, sem er tilgreint á skýran hátt í sannprófunarálitinu, er varðar það að skýrsla rekstraraðila eða umráðanda loftfars, sem á að sannprófa, sé laus við verulegar rangfærslur,
- 20) „greiningarferli“: greining á sveiflum og tilhneigingum í gögnunum, þ.m.t. greining á tengslum sem eru í ósamræmi við aðrar viðkomandi upplýsingar eða sem sýna frávik frá þeim gildum sem búist var við,
- 21) „innri sannprófunargögn“: öll innri gögn sem sannprófandi hefur tekið saman til að skrá öll skrifleg sönnunargögn og rök fyrir starfsemi sem er innt af hendi við sannprófun á skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars,
- 22) „yfirúttektarmaður viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir“: úttektarmaður viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir sem sér um að stjórna og hafa eftirlit með sannprófunarhóp og ber ábyrgð á framkvæmd og skýrslugjöf varðandi sannprófun á skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars,
- 23) „úttektarmaður viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir“: einstaklingur í sannprófunarhóp, sem ber ábyrgð á að annast sannprófun á skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars, annar en yfirúttektarmaður viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir,
- 24) „tæknisérfræðingur“: einstaklingur sem lætur í té ítarlega þekkingu og sérþekkingu á tilteknu viðfangsefni sem þörf er á við framkvæmd sannprófunarstarfa að því er varðar III. kafla og við framkvæmd faggildingarstarfsemi að því er varðar V. kafla,
- 25) „áreiðanleikastig“: það stig áreiðanleika sem sannprófandi veitir varðandi sannprófunarskýrsluna á grundvelli þess markmiðs að minnka sannprófunaráhættuna í ljósi aðstæðna við sannprófunarverkefnið,
- 26) „matsmaður“: einstaklingur sem faggildingarstofa aðildarríkis hefur falið að annast mat á sannprófanda samkvæmt þessari reglugerð, annaðhvort sérstaklega eða sem þátttakandi í matshóp,
- 27) „yfirmatsmaður“: matsmaður sem hefur verið falin heildarábyrgð á mati á sannprófanda samkvæmt þessari reglugerð,
- 28) „skýrsla um grunn gögn“: skýrsla sem rekstraraðili leggur fram skv. 2. mgr. 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) .../....,
- 29) „skýrsla með gögnum um nýja aðila“: skýrsla sem rekstraraðili leggur fram skv. 2. mgr. 5. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) .../....

4. gr.

Fyrirframætlað samræmi

Ef sannprófandi sýnir fram á að hann uppfylli viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í viðeigandi samhæfðum stöðlum, eins og skilgreint er í 9. lið 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008, eða hlutum þeirra og tilvísun í þá hefur verið birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, skal hann teljast uppfylla þær kröfur sem settar eru fram í II. og III. kafla í þessari reglugerð, að svo miklu leyti sem gildandi samhæfðir staðlar ná yfir þær kröfur.

5. gr.

Almennur rammi um faggildingingu

Ef ekki er í þessari reglugerð mælt fyrir um sértæk ákvæði um samsetningu faggildingarstofa aðildarríkjanna eða um starfsemi og kröfur sem tengjast faggildingingu skulu viðeigandi ákvæði í reglugerð (EB) nr. 765/2008 gilda.

II. KAFLI

SANNPRÓFUN

6. gr.

Áreiðanleiki sannprófunar

Sannprófuð losunarskýrsla, skýrsla um grunnöggn eða skýrsla með gögnum um nýja aðila skal vera áreiðanleg fyrir notendur. Í henni skal koma fram raunsönn mynd af því sem fjallað er um eða því sem ætla mætti með sanngjörnum hætti að hún sýni.

Ferlið við að sannprófa skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars skal vera skilvirkt og áreiðanlegt tæki til stuðnings við gæðatryggingar- og gæðaeftirlitsaðferðir þar sem koma fram upplýsingar sem rekstraraðili eða umráðandi loftfars getur nýtt sér til að bæta skilvirkni við vöktun og skýrslugjöf er varðar losun eða gögn sem skipta máli fyrir úthlutun án endurgjalds.

7. gr.

Almennar skyldur sannprófanda

1. Sannprófandi skal annast sannprófunina og þau störf sem krafist er samkvæmt þessum kafla með það að markmiði að leggja fram sannprófunarskýrslu þar sem komist er að þeirri niðurstöðu með fullnægjandi áreiðanleika að skýrsla rekstraraðila eða umráðanda loftfars sé laus við verulegar rangfærslur.
2. Sannprófandi skal skipuleggja og annast sannprófun með faglegri gagnrýni með hliðsjón af því að aðstæður geta verið þannig að þær verði til þess að upplýsingar í skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars innihaldi verulegar rangfærslur.
3. Sannprófanda ber að annast sannprófunina í þágu almannahagsmuna og vera óháður rekstraraðila eða umráðanda loftfars og lögbærum yfirvöldum sem bera ábyrgð á tilskipun 2003/87/EB.
4. Meðan á sannprófun stendur skal sannprófandi meta hvort:
 - a) skýrsla rekstraraðila eða umráðanda loftfars sé fullgerð og í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í X. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2066 eða í IV. viðauka við framselda reglugerð (ESB) .../..., eins og við á,
 - b) rekstraraðili eða umráðandi loftfars hafi farið að kröfunum í leyfinu til losunar gróðurhúsalofttegunda og vöktunar-áætluninni, sem lögbært yfirvald hefur samþykkt, að því er varðar sannprófun á skýrslu rekstraraðila um losun og kröfunum í vöktunaráætluninni, sem lögbært yfirvald hefur samþykkt, að því er varðar sannprófun á skýrslu umráðanda loftfars um losun eða tonnkilómetra,
 - c) að því er varðar skýrslu rekstraraðilans um grunnöggn eða skýrslu með gögnum um nýja aðila, að rekstraraðilinn hafi farið að kröfunum í áætluninni um aðferðafræði við vöktun skv. 8. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) .../..., sem lögbært yfirvald hefur samþykkt,
 - d) gögnin í skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars séu laus við verulegar rangfærslur,
 - e) hægt sé að útvega upplýsingar til stuðnings starfsemi rekstraraðila eða umráðanda loftfars í tengslum við gagnafærni, eftirlitskerfi þeirra og verklagsreglur sem þessu tengjast til að bæta megi skilvirkni við vöktun og skýrslugjöf.

Þrátt fyrir c-lið skal sannprófandinn meta hvort áætlun rekstraraðilans um aðferðafræði við vöktun sé í samræmi við kröfurnar í framseldri reglugerð (ESB) .../... ef áætlunin um aðferðafræði við vöktun er ekki háð samþykki lögbærs yfirvalds fyrir framlagningu skýrslu um grunnöggn. Ef sannprófandinn uppgötvar að áætlun um aðferðafræði við vöktun er ekki í samræmi við framselda reglugerð (ESB) .../... skal rekstraraðilinn breyta áætluninni um aðferðafræði við vöktun þannig að hún sé í samræmi við þá reglugerð.

Að því er varðar d-lið í þessari málsgrein skal sannprófandi afla skýrra og hlutlægra sannana hjá rekstraraðila eða umráðanda loftfars, sem styðja uppgöfn uppsafnaða losun, tonnkilómetra eða gögn sem skipta máli fyrir úthlutun án endurgjalds, að teknu tilliti til allra annarra upplýsinga sem veittar eru í skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars.

5. Ef sannprófandi uppgötvar að rekstraraðili eða umráðandi loftfars fer ekki eftir ákvæðum framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066 eða framseldrar reglugerðar (ESB) .../... skal greint frá því frávik í sannprófunarskýrslunni, jafnvel þótt lögbært yfirvald hafi samþykkt vöktunaráætlunina eða áætlunina um aðferðafræði við vöktun sem um ræðir.

6. Ef lögbært yfirvald hefur ekki samþykkt vöktunaráætlunina skv. 12. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066 eða ef hún er ófullgerð eða ef gerðar hafa verið á henni mikilvægar breytingar á skýrslutímabilinu, sem um getur í 3. eða 4. mgr. 15. gr. þeirrar framkvæmdarreglugerðar, sem lögbært yfirvald hefur ekki samþykkt í framhaldinu, skal sannprófandi ráðleggja rekstraraðila eða umráðanda loftfars að afla sér nauðsynlegs samþykkis frá lögbæra yfirvaldinu.

Ef áætlun um aðferðafræði við vöktun er háð samþykki lögbærs yfirvalds fyrir framlagningu skýrslu um grunn gögn skv. 4. mgr. 8. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) .../... og áætlunin um aðferðafræði við vöktun hefur ekki verið samþykkt eða er ófullgerð eða ef gerðar hafa verið á henni mikilvægar breytingar, sem um getur í 5. mgr. 9. gr. þeirrar reglugerðar, sem lögbært yfirvald hefur ekki samþykkt skal sannprófundinn ráðleggja rekstraraðilanum að afla sér nauðsynlegs samþykkis frá lögbæra yfirvaldinu.

Að fengnu samþykki frá lögbæra yfirvaldinu skal sannprófundinn halda áfram sannprófunarstörfum sínum, endurtaka þau eða aðlaga, til samræmis við það.

Ef samþykkis hefur ekki verið aflað áður en sannprófunarskýrslan er gefin út skal sannprófundinn geta þess í sannprófunarskýrslunni.

8. gr.

Skuldbindingar áður en samningur er gerður

1. Áður en sannprófundinn tekur að sér sannprófunarverkefni skal hann afla sér tilhlýðilegrar þekkingar á rekstraraðila eða umráðanda loftfars og meta hvort hann geti tekið að sér sannprófunina. Í þessu skyni skal sannprófundinn a.m.k.:

- meta áhættuna sem fylgir því að taka að sér sannprófun á skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars í samræmi við þessa reglugerð,
- taka að sér að fara yfir upplýsingar, sem rekstraraðili eða umráðandi loftfars hafa lagt fram, til þess að geta metið umfang sannprófunarinnar,
- meta hvort verkefnið falli innan gildissviðs faggildingar hans,
- meta hvort hann búi yfir hæfni, starfsfólki og úrræðum sem þörf er á til að geta valið sannprófunarhóp sem er fær um að fást við flókin atriði í tengslum við stöðvar eða starfsemi umráðanda loftfars og flugflota hans sem og meta hvort honum sé fært að ljúka sannprófunarstörfum með góðum árangri innan þeirra tímamarka sem krafist er,
- meta hvort hann sé fær um að tryggja að hugsanlegur sannprófunarhópur, sem hann hefur á sínum snærum, hafi yfir að búa þeirri hæfni og mannafla sem krafist er til að inna af hendi sannprófunarstörf fyrir þennan tiltekna rekstraraðila eða umráðanda loftfars,
- ákvarða þann tíma sem nauðsynlegur er til að framkvæma sannprófunina á tilhlýðilegan hátt, að því er varðar hvert umbeðið sannprófunarverkefni fyrir sig.

2. Rekstraraðili eða umráðandi loftfars skal útvega sannprófanda allar viðeigandi upplýsingar sem gera sannprófundanum kleift að sinna þeirri starfsemi sem um getur í 1. mgr.

9. gr.

Ráðstöfun á tíma

1. Þegar metið er hversu mikinn tíma þarf fyrir sannprófunarverkefni eins og um getur í f-lið 1. mgr. 8. gr. skal sannprófundinn a.m.k. taka tillit til:

- flókinna atriði í tengslum við stöðvar eða starfsemi umráðanda loftfars og flugflota hans,
- upplýsingastigsins og hversu flókin vöktunaráætlunin er sem lögbært yfirvald hefur samþykkt, eða áætlunin um aðferðafræði við vöktun, eins og við á,
- þess mikilvægisstigs sem krafist er,
- þess hversu flókin eða heildstæð starfsemi rekstraraðila eða umráðanda loftfars er í tengslum við gagnaflæði, sem og eftirlitskerfi hans,
- staðsetningar upplýsinga og gagna sem varða losun gróðurhúsalofttegunda, gagna um tonnklómetra eða gagna sem skipta máli fyrir úthlutun án endurgjalds.

2. Sannprófundinn skal tryggja að í samningi um sannprófun sé kveðið á um möguleika á aukatíma til viðbótar við þann tíma sem samið er um í samningnum ef þörf er á slíkum viðbótartíma í tengslum við skipulega greiningu, áhættugreiningu eða önnur sannprófunarstörf. Aðstæður þar sem getur reynst þörf á viðbótartíma skulu a.m.k. fela í sér eftirfarandi:

- á meðan á sannprófun stendur kemur í ljós að starfsemi í tengslum við gagnaflæði, eftirlitsstarfsemi eða birgðastjórnun rekstraraðila eða umráðanda loftfars virðist flóknari en í upphafi var búist við,

- b) ef sannprófundinn hefur uppgötvað rangfærslur, ósamræmi, ófullnægjandi gögn eða skekkjur í gagnasöfnum á meðan á sannprófun stendur.
3. Sannprófandi skal skrá þann tíma sem ráðstafað er í innri sannprófunargögnum.

10. gr.

Upplýsingar frá rekstraraðila eða umráðanda loftfars

1. Áður en skipuleg greining á sér stað og á öðrum tímamögnum meðan á sannprófuninni stendur skal rekstraraðili eða umráðandi loftfars útvega sannprófanda allar eftirfarandi upplýsingar:
 - a) leyfi rekstraraðila til losunar gróðurhúsalofttegunda ef það varðar sannprófun á skýrslu rekstraraðila um losun,
 - b) nýjustu útgáfu af vöktunaráætlun rekstraraðila eða umráðanda loftfars, sem og allar aðrar viðeigandi útgáfur af vöktunaráætluninni sem lögbært yfirvald hefur samþykkt, þ.m.t. sannanir fyrir samþykki hennar,
 - c) nýjustu útgáfu af áætlun rekstraraðila um aðferðafræði við vöktun, sem og allar aðrar viðeigandi útgáfur af áætluninni um aðferðafræði við vöktun, þ.m.t., eftir atvikum, sannanir fyrir samþykki hennar,
 - d) lýsingu á starfsemi rekstraraðila eða umráðanda loftfars í tengslum við gagnaflæði,
 - e) áhættumat rekstraraðila eða umráðanda loftfars, sem um getur í a-lið 2. mgr. 59. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066 eða 1. mgr. 11. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) .../..., eins og við á, og lýsingu á heildareftirlitskerfinu,
 - f) eftir atvikum, einfaldaða óvissumatið sem um getur í c-lið 2. mgr. 7. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) .../...,
 - g) aðferðir sem getið er í vöktunaráætluninni eins og lögbært yfirvald hefur samþykkt hana eða áætluninni um aðferðafræði við vöktun, þ.m.t. verklagsreglur vegna starfsemi í tengslum við gagnaflæði og eftirlit,
 - h) árlega losun rekstraraðila eða umráðanda loftfars, skýrslu um tonnklómetra, skýrslu um grunn gögn eða skýrslu með gögnum um nýja aðila, eins og við á,
 - i) skýrslur um grunn gögn frá fyrri úthlutunartímabilum fyrir fyrri úthlutunaráfanga og ársskýrslur um starfsemissstig frá fyrri árum, sem lagðar voru fyrir lögbært yfirvald vegna 21. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, ef við á,
 - j) eftir atvikum, úrtaksáætlun rekstraraðila eins og um getur í 33. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066 og lögbært yfirvald hefur samþykkt,
 - k) ef vöktunaráætluninni hefur verið breytt á skýrslutímabilinu, skýrslu þar sem tilgreindar eru allar breytingar í samræmi við 3. mgr. 16. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066,
 - l) eftir atvikum, skýrsluna sem um getur í 4. mgr. 69. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066,
 - m) sannprófunarskýrslu frá næstliðnu ári eða næstliðnu grunntímabili, eins og við á, ef sannprófundinn annaðist ekki sannprófun fyrir þennan tiltekna rekstraraðila eða umráðanda loftfars á því sama ári eða sama grunntímabili, eins og við á,
 - n) öll viðeigandi bréfaskipti við lögbært yfirvald, einkum upplýsingar sem varða tilkynningu um breytingar á vöktunaráætluninni eða á áætluninni um aðferðafræði við vöktun, eins og við á,
 - o) upplýsingar um gagnagrunna og gagnalindir sem notaðar eru við vöktun og skýrslugjöf, þ.m.t. þær sem koma frá Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu eða annarri viðeigandi stofnun,
 - p) þegar sannprófunin varðar skýrslu um losun frá stöð sem gegnir því hlutverki að geyma gróðurhúsalofttegundir í jörðu á geymslusvæði eins og heimilað er samkvæmt tilskipun 2009/31/EB: vöktunaráætlunina sem krafist er í þeirri tilskipun og skýrslurnar sem krafist er skv. 14. gr. þeirrar tilskipunar, sem ná a.m.k. yfir skýrslutímabil skýrslunnar um losun sem skal sannprófa,
 - q) eftir atvikum, samþykki lögbærs yfirvalds fyrir því að vettvangsheimsókn til stöðva skv. 1. mgr. 31. gr. þurfi ekki að fara fram,
 - r) sönnunargögn rekstraraðilans sem sýna fram á að óvissumörk séu virt að því er varðar aðferðarþrepin sem mælt er fyrir um í vöktunaráætluninni,
 - s) allar aðrar upplýsingar sem teljast nauðsynlegar fyrir skipulag og framkvæmd sannprófunarinnar.
2. Áður en sannprófandi gefur út sannprófunarskýrslu skal rekstraraðili eða umráðandi loftfars útvega honum viðurkennda lokaskýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars sem hlutaðeigandi aðili hefur sjálfur fullgilt.

*11. gr.***Skipuleg greining**

1. Við upphaf sannprófunar skal sannprófandi meta líklegt eðli og umfang sannprófunarverkefnanna og hversu flókin þau kunna að reynast með því að framkvæma skipulega greiningu á allri starfsemi sem viðkemur stöðinni eða umráðanda loftfars.
2. Til þess að hafa skilning á starfsemi sem fer fram hjá stöð eða umráðanda loftfars skal sannprófandi safna upplýsingum sem þörf er á og fara yfir þær til að meta hvort sannprófunarhópurinn sé tilhlýðilega hæfur til að annast sannprófunina, hvort gert hafi verið ráð fyrir raunhæfum tíma til verksins í samningnum og til að tryggja að hann sé fær um að framkvæma nauðsynlega áhættugreiningu. Upplýsingarnar skulu a.m.k. innihalda eftirfarandi:
 - a) upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. 10. gr.,
 - b) það mikilvægisstig sem krafist er,
 - c) upplýsingarnar sem fengist hafa úr sannprófunum á næstliðnum árum ef sannprófundinn annast sannprófun fyrir sama rekstraraðila eða umráðanda loftfars.
3. Við yfirferð á upplýsingunum sem um getur í 2. mgr. skal sannprófundinn a.m.k. meta eftirfarandi:
 - a) að því er varðar sannprófun á skýrslu rekstraraðila um losun: flokkun stöðvarinnar sem um getur í 19. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066 og starfseminnar sem fram fer á þeirri stöð,
 - b) að því er varðar sannprófun á skýrslu umráðanda loftfars um losun eða tonnkilómetra: umfang og eðli umráðanda loftfarsins, dreifing upplýsinga á mismunandi stöðum sem og fjöldi fluga og tegund þeirra,
 - c) vöktunaráætlun, sem lögbært yfirvald hefur samþykkt, eða áætlun um aðferðafræði við vöktun, eins og við á, sem og nákvæma útlístun á vöktunaraðferðunum sem mælt er fyrir um í vöktunaráætluninni eða í áætluninni um aðferðafræði við vöktun, eins og við á,
 - d) eðli, umfang og samsetningu á upptökum losunar og efnisstraumum, sem og búnað og ferli sem hafa leitt af sér losunina, gögn um tonnkilómetra eða gögn sem skipta máli fyrir úthlutun án endurgjalds, þ.m.t. mælibúnaður sem lýst er í vöktunaráætluninni eða í áætluninni um aðferðafræði við vöktun, eins og við á, grundvöll og beitingu reiknistuðla og aðrar upprunalegar gagnalindir,
 - e) starfsemi í tengslum við gagnafærni, eftirlitskerfi og eftirlitsumhverfi.
4. Við framkvæmd skipulegrar greiningar skal sannprófandi athuga eftirfarandi:
 - a) hvort vöktunaráætlunin eða áætlunin um aðferðafræði við vöktun, eins og við á, sem lögð er fyrir hann sé nýjasta útgáfan og, ef þess er krafist, samþykkt af lögbæru yfirvaldi,
 - b) hvort gerðar hafi verið einhverjar breytingar á vöktunaráætluninni á skýrslutímabilinu eða á áætluninni um aðferðafræði við vöktun á grunntímabilinu, eins og við á,
 - c) eftir atvikum, hvort lögbæru yfirvaldi hafi verið tilkynnt um breytingarnar, sem um getur í b-lið, skv. 1. mgr. 15. gr. eða 23. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066 eða lögbært yfirvald hafi samþykkt þær í samræmi við 2. mgr. 15. gr. þeirrar framkvæmdarreglugerðar,
 - d) eftir atvikum, hvort lögbæru yfirvaldi hafi verið tilkynnt um breytingarnar, sem um getur í b-lið, skv. 3. mgr. 9. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) .../... eða lögbært yfirvald hafi samþykkt þær í samræmi við 4. mgr. 9. gr. þeirrar reglugerðar.

*12. gr.***Áhættugreining**

1. Sannprófandi skal auðkenna og greina eftirfarandi þætti til þess að geta hannað, skipulagt og framkvæmt sannprófun með skilvirkum hætti:
 - a) eðlislæga áhættu,
 - b) eftirlitsstarfsemi,
 - c) ef eftirlitsstarfseminni, sem um getur í b-lið, hefur verið hrint í framkvæmd: eftirlitsáhættu varðandi skilvirkni þessarar eftirlitsstarfsemi.
2. Þegar þeir þættir sem um getur í 1. mgr. hafa verið auðkenndir og greindir skal sannprófandi a.m.k. taka til athugunar:
 - a) niðurstöður skipulegrar greiningar sem um getur í 1. mgr. 11. gr.,
 - b) upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. 10. gr. og c-lið 2. mgr. 11. gr.,
 - c) mikilvægisstigið sem um getur í b-lið 2. mgr. 11. gr.

3. Ef sannprófandi ákvarðar að rekstraraðili eða umráðandi loftfars hafi vanrækt að tilgreina viðeigandi eðlislæga áhættu og eftirlitsáhættu í áhættumati sínu skal sannprófundinn upplýsa rekstraraðilann eða umráðanda loftfarsins um það.
4. Í ljósi upplýsinga sem aflað er meðan á sannprófun stendur skal sannprófandi endurskoða áhættugreininguna, eftir því sem við á, og breyta sannprófunarstörfunum sem á að vinna eða endurtaka þau.

13. gr.

Sannprófunaráætlun

1. Sannprófandi skal gera drög að sannprófunaráætlun í réttu samræmi við þær upplýsingar sem hann hefur aflað sér og áhættu sem hann hefur greint meðan á skipulegri greiningu og áhættugreiningu stóð og skal hún a.m.k. innihalda:
 - a) sannprófunarskipulagsáætlun þar sem eðli og umfangi sannprófunarstarfanna er lýst sem og með hvaða hætti og á hve löngum tíma þau verði innt af hendi,
 - b) prófunaráætlun þar sem greint er frá umfangi og aðferðum við prófun á eftirlitsstarfsemi sem og verklagsreglum vegna eftirlitsstarfseminnar,
 - c) gagnaúrtaksáætlun þar sem greint er frá umfangi og aðferðum við úrtöku á gögnum sem varða þá gagnapunkta sem liggja til grundvallar uppsafnaðri losun í skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars um losun, gögnum um uppsafnaða tonnklómetra í skýrslu umráðanda loftfars um tonnklómetra eða uppsöfnuðum gögnum, sem skipta máli fyrir úthlutun án endurgjalds, í skýrslu rekstraraðilans um grunngögn eða skýrslu með gögnum um nýja aðila.
2. Sannprófandi skal skipuleggja prófunaráætlunina sem um getur í b-lið 1. mgr. með þeim hætti að mögulegt sé að ákvarða að hve miklu marki hægt er að reiða sig á viðkomandi eftirlitsstarfsemi í þeim tilgangi að meta hvort kröfurnar, sem getið er í b, c- eða d-lið 4. mgr. 7. gr. eða í annarri undirgrein 4. mgr. 7. gr., hafi verið uppfylltar.

Við ákvörðun á umfangi úrtöku og úrtökustarfsemi vegna prófunar á eftirlitsstarfseminni skal sannprófundinn taka eftirfarandi þætti til athugunar:

- a) eðlislæga áhættu,
 - b) eftirlitsumhverfið,
 - c) viðeigandi eftirlitsstarfsemi,
 - d) þá kröfu að skila sannprófunarálitu með fullnægjandi áreiðanleika.
3. Við ákvörðun á umfangi úrtöku og úrtökustarfsemi vegna úrtöku á gögnunum sem um getur í c-lið 1. mgr. skal sannprófundinn taka eftirfarandi þætti til athugunar:
 - a) eðlislæga áhættu og eftirlitsáhættu,
 - b) niðurstöður úr greiningarferlum,
 - c) kröfuna um að gera sannprófunarálit með fullnægjandi áreiðanleika,
 - d) mikilvægisstigið,
 - e) mikilvægi áhrifa af völdum einstakra gagnastaka á heildargagnasafnið.
 4. Sannprófandi skal skipuleggja og framkvæma sannprófunaráætlun þannig að dregið sé úr sannprófunaráhættu að viðunandi marki til þess að hægt sé að ná fram fullnægjandi áreiðanleika um að skýrsla rekstraraðila eða umráðanda loftfars sé laus við verulegar rangfærslur.
 5. Sannprófandi skal uppfæra áhættugreininguna og sannprófunaráætlunina og aðlaga sannprófunarstörf sín meðan á sannprófun stendur ef hann uppgötvar viðbótaráhættu sem nauðsynlegt er að draga úr eða ef áhættan er minni en upphaflega var búist við.

14. gr.

Sannprófunarstörf

Sannprófandi skal framkvæma sannprófunaráætlunina og hafa eftirlit með því, á grundvelli áhættugreiningarinnar, að vöktunaráætlunin eða áætlunin um aðferðafræði við vöktun, eins og við á, sé framkvæmd eins og lögbært yfirvald hefur samþykkt hana.

Í því skyni skal sannprófandi a.m.k. framkvæma umfangsmikla prófun sem samanstendur af greiningarferlum, sannprófun á gögnum og athugun á vöktunaraðferðum og athuga eftirfarandi:

- a) starfsemi í tengslum við gagnaflæði og kerfi sem notuð eru við gagnaflæðið, þ.m.t. upplýsingatæknikerfi,
- b) hvort eftirlitsstarfsemi rekstraraðila eða umráðanda loftfars sé skjalfest, framkvæmd og viðhaldið á tilhlýðilegan hátt og skilvirk til að draga úr eðlislægri áhættu,

- c) hvor þær aðferðir sem taldar eru upp í vöktunaráætluninni eða í áætluninni um aðferðafræði við vöktun, eins og við á, séu skilvirkar til að draga úr eðlislægri áhættu og eftirlitsáhættu og hvort aðferðirnar séu framkvæmdar, nægilega skjalfestar og viðhaldið á tilhlýðilegan hátt.

Að því er varðar a-lið annarrar málsgreinar skal sannprófandi fylgja gagnaflæðinu eftir og fylgja röð og samspili starfsemi í tengslum við gagnaflæðið frá grunn gögnunum til gagnasafnsins sem fram kemur í skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars.

15. gr.

Greiningarferli

1. Sannprófandi skal nota greiningarferli til að meta sennileika og heilleika gagna ef eðlislæg áhætta, eftirlitsáhætta og réttleiki að því er varðar eftirlitsstarfsemi rekstraraðila eða umráðanda loftfars sýnir að þörf sé á slíkum greiningarferlum.
2. Við framkvæmd greiningarferlanna, sem um getur í 1. mgr., skal sannprófandi meta uppgefin gögn til að greina hugsanleg áhættusvið og í framhaldi af því fullgilda fyrirhuguð sannprófunarstörf og aðlaga þau eftir þörfum. Sannprófandi skal a.m.k.:
 - a) meta sennileika að því er varðar sveiflur og þróunarhorfur á lengra tímabili eða milli sambærilegra liða,
 - b) greina bein frávik (e. *immediate outliers*), óvænt gögn og eyður í gögnum,
3. Við beitingu greiningarferlanna, sem um getur í 1. mgr., skal sannprófundinn framkvæma eftirfarandi:
 - a) bráðabirgðagreiningarferli á samanteknum gögnum áður en starfsemin, sem um getur í 14. gr., fer fram til þess að skilja eðli uppgefinna gagna, hversu flókin þau eru og mikilvægi þeirra,
 - b) umfangsmikil greiningarferli á samanteknum gögnum og gagnapunktum sem liggja þessum gögnum til grundvallar í þeim tilgangi að greina hugsanlegar kerfislegar skekkjur og bein frávik,
 - c) lokagreiningarferli á samanteknum gögnum til að tryggja að leyst hafi verið úr öllum skekkjum, sem greindar voru meðan á sannprófunarferlinu stóð, á réttan hátt.
4. Ef sannprófandi greinir frávik, sveiflur, tilhneigingar, eyður í gögnum eða gögn sem eru í ósamræmi við aðrar viðeigandi upplýsingar eða eru umtalsvert frábrugðin því magni eða þeim hlutföllum sem búist var við skal sannprófundinn afla sér útskýringa, sem studdar eru viðbótarsönnunum sem máli skipta, frá rekstraraðila eða umráðanda loftfars.

Á grundvelli þessara útskýringa og viðbótarsannana sem veitt eru skal sannprófandi meta áhrifin á sannprófunaráætlunina og þau sannprófunarstörf sem á að inna af hendi.

16. gr.

Sannprófun á gögnum

1. Sannprófandi skal sannprófa gögnin í skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars með ítarlegum prófunum á þeim, þ.m.t. með því að rekja gögnin aftur til upprunalegrar gagnalindar, bera gögn saman við utanaðkomandi gagnalindir, framkvæma afstemmingar, athuga viðmiðunarmörk varðandi viðeigandi gögn og framkvæma endurútreikninga.
2. Hluti sannprófunar á gögnunum, sem um getur í 1. mgr. og að teknu tilliti til samþykkrar vöktunaráætlunar eða áætlunar um aðferðafræði við vöktun, eins og við á, þ.m.t. aðferðir sem lýst er í þeirri áætlun, skal felast í því að sannprófandi athugi:
 - a) mörk stöðvar, í þeim tilgangi að sannprófa skýrslu rekstraraðila um losun,
 - b) mörk stöðvar og undirstöðva hennar, í þeim tilgangi að sannprófa skýrslu rekstraraðila um grunn gögn eða skýrslu með gögnum um nýja aðila,
 - c) heilleika efnisstrauma og upptök losunar eins og þeim er lýst í vöktunaráætluninni sem lögbært yfirvald hefur samþykkt, eða í áætluninni um aðferðafræði við vöktun, eins og við á, í þeim tilgangi að sannprófa skýrslu rekstraraðila um losun, skýrslu um grunn gögn eða skýrslu með gögnum um nýja aðila,
 - d) að flug sem heyrir undir flugstarfsemi sem talin er upp í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, sem umráðandi loftfars ber ábyrgð á, sem og gögn um losun og gögn um tonnklómetra, eftir því sem við á, séu heildstæð, í þeim tilgangi að sannprófa skýrslu umráðanda loftfars um losun og skýrslu um tonnklómetra,
 - e) samræmi milli uppgefinna gagna og massaskráa og jafnvægisráa, í þeim tilgangi að sannprófa skýrslu umráðanda loftfars um losun og skýrslu um tonnklómetra,

- f) samræmi milli uppsafnaðrar eldsneytisnotkunar og gagna um eldsneytiskaup eða eldsneyti sem er útvegað með öðrum hætti á flugvélar sem sinna flugstarfsemi, í þeim tilgangi að sannprófa skýrslu umráðanda loftfars um losun,
 - g) samræmi milli uppsafnaðra uppgefina gagna í skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars og upprunalegra gagnalinda,
 - h) mæligildi með því að nota niðurstöður útreikninga, sem rekstraraðili framkvæmir í samræmi við 46. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066, ef rekstraraðilinn notar mælimiðaða aðferð sem um getur í 1. mgr. 21. gr. þeirrar framkvæmdarreglugerðar,
 - i) áreiðanleika og nákvæmni gagnanna.
3. Til þess að athuga hvort flug séu heildstæð, eins og um getur í d-lið 2. mgr., skal sannprófundinn nota flugumferðargögn frá umráðanda loftfars, þ.m.t. gögn sem aflað er frá Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu eða öðrum viðeigandi stofnunum sem geta unnið úr upplýsingum um flugumferð eins og þeim sem Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu hefur aðgang að.

17. gr.

Sannprófun á réttri beitingu á vöktunaraðferðum

1. Sannprófandi skal hafa eftirlit með því hvort vöktunaraðferð sé beitt á réttan hátt og hún framkvæmd eins og lögbært yfirvald hefur samþykkt í vöktunaráætluninni, þ.m.t. sértækar upplýsingar í þeirri vöktunaraðferð.
 2. Að því er varðar sannprófun á skýrslu rekstraraðila um losun skal sannprófandi hafa eftirlit með því hvort úrtaksáætluninni, sem um getur í 33. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066, sé beitt á réttan hátt og hún framkvæmd eins og lögbært yfirvald hefur samþykkt hana.
 3. Í þeim tilgangi að sannprófa skýrslu rekstraraðilans um grunngögn eða skýrslu með gögnum um nýja aðila skal sannprófundinn athuga hvort aðferðinni til að safna gögnum og vakta þau, sem er skilgreind í áætluninni um aðferðafræði við vöktun, sé beitt á réttan hátt, þ.m.t.:
 - a) hvort öll gögn um losun, flag, frálag og orkuflæði séu rakin rétt til undirstöðva í samræmi við kerfismörkin eins og um getur í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) .../...,
 - b) hvort gögnin séu fullgerð og hvort eyður í gögnum eða tvítalning hafi átt sér stað,
 - c) hvort starfsemissstig fyrir vöruviðmiðanir byggist á réttri beitingu vöruskilgreininga sem eru tilgreindar í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) .../...,
 - d) hvort starfsemissstig hafi verið rakin rétt til undirstöðva með varmaviðmiðun, undirstöðvar með fjarhitun, undirstöðva með eldsneytisviðmiðun og undirstöðvar með losun við vinnslu samkvæmt þeim vörum sem voru framleiddar og samkvæmt framseldum gerðum sem voru samþykktar skv. 5. mgr. 10. gr. b í tilskipun 2003/87/EB.
 4. Þegar fluttur koltvísýringur er dreginn frá í samræmi við 49. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066 eða flutt nituroxíð er ekki talið í samræmi við 50. gr. þeirrar reglugerðar og koltvísýringurinn eða nituroxíðið er mælt, bæði hjá stöðinni þaðan sem það er flutt og stöðinni sem tekur við því, skal sannprófundinn athuga hvort hægt sé að útskýra mismun milli mæligilda beggja stöðvanna með óvissuþáttum í mælikerfum og hvort rétt meðalgildi mældra gilda hafi verið notuð í skýrslum um losun hjá báðum stöðvum.
- Ef ekki er hægt að útskýra mismun milli mæligilda hjá stöðvunum með óvissuþáttum í mælikerfum skal sannprófundinn athuga hvort gerðar hafa verið breytingar til að samræma mismuninn milli mæligilda, hvort þessar breytingar hafi verið hófsamar og hvort lögbært yfirvald hafi veitt samþykki sitt fyrir slíkum breytingum.
5. Ef þess er krafist af rekstraraðilum, skv. 3. mgr. 12. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 601/2012, að vöktunaráætlunin feli í sér fleiri þætti sem skipta máli við að uppfylla kröfur 1. mgr. 24. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2011/278/ESB ⁽¹²⁾ skal sannprófundinn hafa eftirlit með því að verklagsreglunum, sem um getur í 3. mgr. 12. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 601/2012, sé beitt og þær framkvæmdar á réttan hátt. Í þessu samhengi skal sannprófundinn einnig athuga hvort rekstraraðilinn hafi lagt fram upplýsingar um áætlaðar eða orðnar breytingar á afkastagetu, starfsemissstigi og rekstri stöðvar fyrir lögbæra yfirvaldið fyrir 31. desember á skýrslutímabilinu.

⁽¹²⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/278/ESB frá 27. apríl 2011 um umbreytingarreglur á vettvangi Sambandsins um samræmda úthlutun losunarheimilda án endurgjalds skv. 10. gr. a í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stjúd. ESB L 130, 17.5.2011, bls. 1).

*18. gr.***Sannprófun á aðferðum sem beitt er ef gögn vantar**

1. Ef aðferðir, sem mælt er fyrir um í vöktunaráætlun sem lögbært yfirvald hefur samþykkt, hafa verið notaðar til að fullgera gögn sem vantar skv. 66. gr framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066, skal sannprófundinn athuga hvort aðferðirnar sem voru notaðar hafi verið viðeigandi í þeim tilteknu aðstæðum og hvort þeim hafi verið beitt á réttan hátt.

Ef rekstraraðili eða umráðandi loftfars hefur fengið samþykki frá lögbæru yfirvaldi fyrir því að nota aðrar aðferðir en þær sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 66. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066, skal sannprófundinn athuga hvort samþykktari aðferð hafi verið réttilega beitt og hún tilhlýðilega skjalfest.

Ef rekstraraðili eða umráðandi loftfars er ekki fær um að afla slíks samþykkis tímanlega skal sannprófundinn athuga hvort aðferðin, sem rekstraraðili eða umráðandi loftfars nota til að fullgera gögn sem vantar, tryggi að losun sé ekki vanmetin og að aðferðin leiði ekki af sér verulegar rangfærslur.

2. Sannprófundinn skal athuga skilvirkni eftirlitsstarfsemi sem rekstraraðili eða umráðandi loftfars framkvæmir til að koma í veg fyrir að gögn vanti sem um getur í 66. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066.

3. Ef gagnaeyður hafa myndast í skýrslum um grunn gögn eða skýrslum með gögnum um nýja aðila skal sannprófundinn athuga hvort mælt er fyrir um aðferðir til að fást við eyður í gögnum skv. 12. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) .../... í áætluninni um aðferðafræði við vöktun, hvort þessar aðferðir voru viðeigandi í þeim tilteknu aðstæðum og hvort þeim hafi verið beitt á réttan hátt.

Ef ekki er mælt fyrir um viðeigandi aðferð varðandi eyður í gögnum í áætluninni um aðferðafræði við vöktun skal sannprófundinn athuga hvort aðferðin, sem rekstraraðilinn notaði til að bæta upp fyrir gögnin sem vantaði, byggist á réttmætum sönnunargögnum og tryggi að gögnin, sem krafist er með framseldri reglugerð (ESB) .../..., séu hvorki vanmetin né ofmetin.

*19. gr.***Mat á óvissu**

1. Þegar þess er krafist í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2066 að rekstraraðili sýni fram á að hann fari eftir ákvæðum um óvissumörk í gögnum um starfsemi og reiknistuðla, skal sannprófundinn staðfesta réttmæti upplýsinganna sem notaðar eru til að reikna út óvissustig í samræmi við samþykktu vöktunaráætlun.

2. Ef rekstraraðili beitir vöktunaraðferðum sem ekki byggjast á aðferðarþrepum, eins og um getur í 22. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066, skal sannprófundinn athuga eftirfarandi upplýsingar:

a) hvort rekstraraðili hafi látið fara fram mat og mælingu á óvissuþáttum sem sýna fram á að heildaróvissumörkin, sem krafist er að því er varðar árlega losun gróðurhúsalofttegunda skv. c-lið 22. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066, séu virt,

b) sannprófun á upplýsingunum sem notaðar eru við mat og mælingu á óvissu,

c) hvort heildarstefnan sem notuð er við mat og mælingu á óvissu sé í samræmi við b-lið 22. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066,

d) hvort lagðar séu fram sannanir fyrir því að skilyrði fyrir vöktunaraðferðunum, sem um getur í a-lið 22. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066, hafi verið uppfyllt.

3. Ef þess er krafist í framseldri reglugerð (ESB) .../... að rekstraraðilinn framkvæmi einfaldað óvissumat skal sannprófundinn staðfesta gildi upplýsinganna sem eru notaðar í því mati.

*20. gr.***Úrtaka**

1. Þegar samkvæmni eftirlitsstarfsemi og aðferða, sem um getur í b- og c- lið 14. gr., er athuguð eða þegar gerðar eru athuganir, sem um getur í 15. og 16. gr., getur sannprófundinn notað úrtökuaðferðir sem eru sérsniðnar að tiltekinni stöð eða umráðanda loftfars, að því tilskildu að úrtakan sé réttlætunleg á grundvelli áhættugreiningar.

2. Ef sannprófandi greinir ósamræmi eða rangfærslur meðan á úrtöku stendur skal hann krefja rekstraraðila eða umráðanda loftfars um útskýringar á meginorsökum ósamræmisins eða rangfærslunnanna, með það fyrir augum að meta þau áhrif sem ósamræmið eða rangfærslurnar hafa á uppgefin gögn. Sannprófandinn skal ákveða, á grundvelli niðurstöðu úr því mati, hvort þörf sé á viðbótarsannprófunarstörfum, hvort stækka þurfi úrtakið og hvaða hluta gagnanna rekstraraðili eða umráðandi loftfars þarf að leiðrétta.
3. Sannprófandinn skal gera grein fyrir niðurstöðum athugananna sem um getur í 14. til 17. gr., þ.m.t. upplýsingar úr viðbótarúrtökum, í innri sannprófunargögnum.

21. gr.

Vettvangsheimsóknir

1. Á einum eða fleiri viðeigandi tímupunktum meðan á sannprófunarferlinu stendur skal sannprófandinn fara í vettvangsheimsókn til þess að meta virkni mælibúnaðar og vöktunarkerfa, til þess að taka viðtöl, til þess að sinna þeim störfum sem honum er skylt að annast samkvæmt þessum kafla sem og til þess að safna fullnægjandi upplýsingum og sönnunum svo hann geti ákvarðað hvort skýrsla rekstraraðila eða umráðanda loftfars sé laus við verulegar rangfærslur.
2. Rekstraraðili eða umráðandi loftfars skal veita sannprófanda aðgang að svæðum sínum.
3. Að því er varðar sannprófun á skýrslu rekstraraðila um losun skal sannprófandinn einnig nýta sér vettvangsheimsóknina til að meta mörk stöðvarinnar, sem og heilleika efnisstrauma og upptök losunar.
4. Að því er varðar sannprófun á skýrslu rekstraraðila um grunn gögn eða skýrslu með gögnum um nýja aðila skal sannprófandinn einnig nýta sér vettvangsheimsóknina til að meta mörk stöðvarinnar og undirstöðva hennar sem og heilleika efnisstrauma, upptök losunar og tæknilegar tengingar.
5. Að því er varðar sannprófun á skýrslu rekstraraðila um losun, skýrslu um grunn gögn eða skýrslu með gögnum um nýja aðila skal sannprófandinn ákveða, á grundvelli áhættugreiningar, hvort þörf sé á að heimsækja aðra staði, þ.m.t. ef mikilvægir þættir í starfsemi í tengslum við gagnafæði og eftirlitsstarfsemi fara fram annars staðar, s.s. í höfuðstöðvum fyrirtækis eða öðrum skrifstofum fjarri vettvangi.

22. gr.

Viðbrögð við rangfærslum, ósamræmi og vanefndum

1. Ef sannprófandinn greinir rangfærslur, ósamræmi eða vanefndir á því að farið sé að framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2066 eða framseldri reglugerð (ESB) .../..., eins og við á, við sannprófunina skal hann upplýsa rekstraraðilann eða umráðanda loftfars um það tímanlega og fara fram á viðeigandi leiðréttingar.

Rekstraraðili eða umráðandi loftfars skal leiðrétta allar rangfærslur og ósamræmi sem honum er tilkynnt um.

Ef vanefndir á því að farið sé að framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2066 eða framseldri reglugerð (ESB) .../... hafa greinst skal rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars tilkynna það lögbæru yfirvaldi og lagfæra vanefndirnar eins og við á án ástæðulausrar tafar.

2. Allar rangfærslur, ósamræmi eða vanefndir á því að farið sé að framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2066 eða framseldri reglugerð (ESB) .../..., eins og við á, sem rekstraraðili eða umráðandi loftfars hefur leiðrétt meðan á sannprófuninni stóð, skal sannprófandinn skjalfesta í innri sannprófunargögnum og geta þess að leyst hafi verið úr þeim.
3. Ef rekstraraðili eða umráðandi loftfars leiðréttir ekki rangfærslurnar eða ósamræmið sem sannprófandi hefur tilkynnt þeim um í samræmi við 1. mgr. áður en sannprófandinn gefur út sannprófunarskýrsluna skal sannprófandinn krefja rekstraraðilann eða umráðanda loftfarsins um skýringar á meginorsökum ósamræmisins eða rangfærslunnanna með það fyrir augum að meta þau áhrif sem ósamræmið eða rangfærslurnar hafa á uppgefin gögn.

Sannprófandinn skal ákvarða hvort óleiðréttar rangfærslur, einar sér eða uppsafnaðar með öðrum rangfærslum, hafi veruleg áhrif á uppgefna heildarlosun, gögn um tonnklómetra eða gögn sem skipta máli fyrir úthlutun án endurgjalds. Við mat á mikilvægi rangfærslna skal sannprófandinn líta á umfang og eðli rangfærslunnanna, sem og þær tilteknu aðstæður sem ollu þeim.

Sannprófandinn skal meta hvort óleiðrétt ósamræmi, eitt og sér eða uppsafnað með öðru ósamræmi, hafi áhrif á uppgefin gögn og hvort þetta leiði til verulegra rangfærslna.

Ef rekstraraðili eða umráðandi loftfars lagfærir ekki vanefndir á því að farið sé að framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2066 eða framseldri reglugerð (ESB) .../... í samræmi við 1. mgr. áður en sannprófundinn gefur út sannprófunarskýrsluna skal sannprófundinn meta hvort ólagfærðu vanefndirnar hafi áhrif á uppgefin gögn og hvort þetta leiði til verulegra rangfærslna.

Sannprófanda er heimilt að líta á rangfærslur sem verulegar jafnvel þótt þær rangfærslur, einar og sér eða uppsafnaðar með öðrum rangfærslum, séu fyrir neðan það mikilvægisstig sem sett er fram í 23. gr., ef slíkt er rökstutt út frá umfangi og eðli rangfærslanna, sem og þeim tilteknu aðstæðum sem ollu þeim.

23. gr.

Mikilvægisstig

1. Í þeim tilgangi að sannprófa losunarskýrslur skal mikilvægisstigið vera 5% af uppgefinni heildarlosun á skýrslutímabilinu sem fellur undir sannprófunina, fyrir eitthvert af eftirfarandi atriðum:

- a) stöðvar í flokki A, sem um getur í a-lið 2. mgr. 19. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066, og stöðvar í flokki B, sem um getur í b-lið 2. mgr. 19. gr. í sömu framkvæmdarreglugerð,
- b) umráðendur loftfara með árlega losun sem er jöfn eða minni en sem nemur 500 kílótonnum af koltvísýringi úr jarðefnaeldsneyti.

2. Í þeim tilgangi að sannprófa losunarskýrslur skal mikilvægisstigið vera 2% af uppgefinni heildarlosun á skýrslutímabilinu sem fellur undir sannprófunina, fyrir eitthvert af eftirfarandi atriðum:

- a) stöðvar í flokki C sem um getur í c-lið 2. mgr. 19. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066,
- b) umráðendur loftfara með árlega losun sem er meiri en sem nemur 500 kílótonnum af koltvísýringi úr jarðefnaeldsneyti.

3. Að því er varðar sannprófun á skýrslum umráðenda loftfara um tonn kílómetra skal mikilvægisstigið vera 5% af uppgefnunum heildargögnum um tonn kílómetra á skýrslutímabilinu sem sannprófunin nær til.

4. Í þeim tilgangi að sannprófa skýrslu um grunn gögn eða skýrslu með gögnum um nýja aðila skal mikilvægisstigið vera 5% af uppgefnu heildargildi eftirfarandi:

- a) heildarlosunar stöðvarinnar, ef gögnin eiga við um losun,
- b) summu innflutnings og framleiðslu á hreinum mælanlegum varma, ef við á, ef gögnin eiga við um mælanleg varmagögn,
- c) summunnar af magni úrgangslöfts sem er innflutt og framleitt innan stöðvarinnar, ef við á,
- d) starfsemissstigs hvernar undirstöðvar, sem skiptir máli, með vöruviðmiðun.

24. gr.

Ályktanir um niðurstöður sannprófunar

Við lok sannprófunar og að teknu tilliti til upplýsinga sem aflað er meðan á sannprófun stendur skal sannprófundinn:

- a) athuga lokagögn frá rekstraraðila eða umráðanda loftfars, þ.m.t. gögn sem hafa verið aðlöguð á grundvelli upplýsinga sem aflað er meðan á sannprófun stendur,
- b) fara yfir ástæður rekstraraðila eða umráðanda loftfars fyrir hvers kyns mismun milli lokagagna og gagna sem áður voru lögð fram,
- c) fara yfir niðurstöður matsins til að ákvarða hvort vöktunaráætluninni, sem lögbært yfirvald hefur samþykkt, eða áætluninni um aðferðafræði við vöktun, eins og við á, þ.m.t. aðferðirnar sem lýst er í viðkomandi áætlun, hafi verið hrint í framkvæmd með réttum hætti,
- d) meta hvort sannprófunaráhætta sé á ásættanlega lágu stigi til að ná fram fullnægjandi áreiðanleika,
- e) tryggja að nægilegum sönnunum hafi verið safnað til að hann geti veitt sannprófunarálit með fullnægjandi áreiðanleika um að skýrslan sé laus við verulegar rangfærslur,
- f) tryggja að sannprófunarferlið sé nákvæmlega skjalfest í innri sannprófunargögnum og að hægt sé að leggja fram lokaálit í sannprófunarskýrslunni.

25. gr.

Óháð endurskoðun

1. Sannprófandi skal leggja innri sannprófunargögnin og sannprófunarskýrsluna fyrir óháðan rýni, áður en hann gefur sannprófunarskýrsluna út.

2. Óháði rýnirinn skal ekki hafa annast nein þeirra sannprófunarstarfa sem falla undir endurskoðun hans.
3. Umfang óháðu endurskoðunarinnar skal ná yfir allt sannprófunarferlið sem lýst er í þessum kafla og skrásett í innri sannprófunargögnunum.

Óháði rýnirinn skal framkvæma endurskoðun með þeim hætti sem tryggir að sannprófunarferlið fari fram í samræmi við þessa reglugerð, að verklagsreglunum við sannprófunarstörfin, sem um getur í 41. gr., hafi verið beitt á réttan hátt og að tilhlýðileg fagleg gaumgæfni og dómgreind hafi verið viðhöfð.

Óháði rýnirinn skal einnig meta hvort þær sannanir sem aflað hefur verið nægi til þess að gera sannprófanda kleift að gefa út sannprófunarskýrslu með fullnægjandi áreiðanleika.

4. Ef þær aðstæður verða sem geta leitt til breytinga í sannprófunarskýrslunni eftir endurskoðunina skal óháði rýnirinn einnig endurskoða þær breytingar og sannanir fyrir þeim.
5. Sannprófundinn skal veita einhverjum aðila tilhlýðilega heimild til að sannvotta sannprófunarskýrsluna á grundvelli niðurstaðna óháða rýnisins og sannana í innri sannprófunargögnunum.

26. gr.

Innri sannprófunargögn

1. Sannprófandi skal undirbúa og taka saman innri sannprófunargögn sem innihalda a.m.k.:
 - a) niðurstöður þeirra sannprófunarstarfa sem unnin hafa verið,
 - b) skipulega greiningu, áhættugreiningu og sannprófunaráætlun,
 - c) fullnægjandi upplýsingar til stuðnings við sannprófunarálitid, þ.m.t. rök fyrir mati á því hvort greindar rangfærslur hafi veruleg áhrif á uppgefna losun, gögn um tonnkilómetra eða gögn sem skipta máli fyrir úthlutun án endurgjalds.
2. Innri sannprófunargögnum, sem um getur í 1. mgr., skal hagað með þeim hætti að óháður rýnir, sem um getur í 25. gr., og faggildingarstofa aðildarríkis geti metið hvort sannprófunin hafi farið fram í samræmi við þessa reglugerð.

Eftir sannvottun á sannprófunarskýrslunni skv. 5. mgr. 25. gr. skal sannprófundinn láta niðurstöður úr óháðu endurskoðuninni fylgja með innri sannprófunargögnunum.

3. Sannprófandi skal, ef um það er beðið, veita lögbæru yfirvaldi aðgang að innri sannprófunargögnunum til að auðvelda lögbæra yfirvaldinu að meta sannprófunina.

27. gr.

Sannprófunarskýrsla

1. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem safnað er við sannprófunina skal sannprófandi gefa út sannprófunarskýrslu til rekstraraðila eða umráðanda loftfars varðandi sérhverja skýrslu um losun, skýrslu um tonnkilómetra, skýrslu um grunn gögn eða skýrslu með gögnum um nýja aðila sem sannprófunin náði til. Í sannprófunarskýrslunni skal komist að a.m.k. einni af eftirfarandi niðurstöðum:
 - a) skýrslan er metin sem fullnægjandi eftir sannprófun,
 - b) skýrsla rekstraraðila eða umráðanda loftfars inniheldur verulegar rangfærslur sem voru ekki leiðréttar áður en sannprófunarskýrslan var gefin út,
 - c) gildissvið sannprófunarinnar er of takmarkað skv. 28. gr. og sannprófundinn gat ekki aflað nægilegra sannana til að geta gefið út sannprófunarálit með fullnægjandi áreiðanleika um að skýrslan sé laus við verulegar rangfærslur,
 - d) ósamræmi, eitt og sér eða uppsafnað með öðru ósamræmi, tekur ekki af öll tvímæli og kemur í veg fyrir að sannprófundinn sýni fram á með fullnægjandi áreiðanleika að skýrsla rekstraraðila eða umráðanda loftfars sé laus við verulegar rangfærslur,
 - e) ef áætlun um aðferðafræði við vöktun er ekki háð samþykki lögbærs yfirvalds: vanefndir á því að farið sé að framseldri reglugerð (ESB) .../... taka ekki af öll tvímæli og koma í veg fyrir að sannprófundinn sýni fram á með fullnægjandi áreiðanleika að skýrsla um grunn gögn eða skýrsla með gögnum um nýja aðila sé laus við verulegar rangfærslur.

Að því er varðar a-lið fyrstu undirgreinar er einungis heimilt að meta skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars fullnægjandi eftir sannprófun ef skýrslan er laus við verulegar rangfærslur.

2. Rekstraraðili eða umráðandi loftfars skal leggja sannprófunarskýrsluna fyrir lögbært yfirvald ásamt skýrslu rekstraraðila eða flugrekanda sem um ræðir.
3. Í sannprófunarskýrslunni skulu a.m.k. koma fram eftirfarandi þættir:
 - a) heiti rekstraraðila eða umráðanda loftfars sem sannprófunin náði til,
 - b) markmið sannprófunarinnar,
 - c) gildissvið sannprófunarinnar,
 - d) tilvísun til skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars sem hefur verið sannprófuð,
 - e) viðmiðanir sem voru notaðar við sannprófun á skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars, þ.m.t. leyfið, eins og við á, og útgáfur vöktunaráætlunar, sem lögbært yfirvald hefur samþykkt, eða áætlunar um aðferðafræði við vöktun, eins og við á, sem og gildistími hvernar áætlunar,
 - f) ef um er að ræða sannprófun á grunnskýrslu sem krafist er vegna úthlutunar fyrir tímabilið 2021–2025 og lögbært yfirvald hefur ekki gert kröfu um að áætlunin um aðferðafræði við vöktun sé samþykkt: staðfesting á því að sannprófundinn hafi athugað áætlunina um aðferðafræði við vöktun og að þessi áætlun sé í samræmi við framselda reglugerð (ESB) .../...,
 - g) ef þeir varða sannprófun á skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars um losun: uppsöfnuð losun eða tonnklómetrar fyrir hverja starfsemi sem um getur í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB og fyrir hverja stöð eða umráðanda loftfars,
 - h) ef þeir varða sannprófun á skýrslu um grunngögn eða skýrslu með gögnum um nýja aðila: samantekin, sannprófuð árleg gögn fyrir hvert ár á grunntímabilinu fyrir hverja undirstöð fyrir árlegt starfsemisstig og losunina sem rakin er til undirstöðvarinnar,
 - i) skýrslutímabilið eða grunntímabilið sem sannprófunin nær til,
 - j) ábyrgðarsvið rekstraraðila eða umráðanda loftfars, lögbærs yfirvalds og sannprófanda,
 - k) yfirlýsing um sannprófunarálit,
 - l) lýsing á öllum greindum rangfærslum og ósamræmi sem ekki voru leiðrétt áður en sannprófunarskýrslan var gefin út,
 - m) dagsetningar vettvangsheimsóknar og hver annaðist þær,
 - n) upplýsingar um hvort einhverjar vettvangsheimsóknir féllu niður, sem og ástæður þess að þær féllu niður,
 - o) öll atriði sem sýna vanefndir á því að farið sé að framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2066 eða framseldri reglugerð (ESB) .../..., sem komið hafa fram meðan á sannprófun stóð,
 - p) ef ekki er hægt að afla samþykkis frá lögbæru yfirvaldi tímanlega fyrir aðferðinni sem notuð er til að fylla upp í eyður í gögnum samkvæmt síðustu undirgrein 1. mgr. 18. gr.: staðfesting á því hvort aðferðin, sem beitt er, sé hófsöm og hvort hún leiði til verulegra rangfærslna eða ekki,
 - q) yfirlýsing ef aðferðin, sem er notuð til að fylla upp í eyður í gögnum skv. 12. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) .../..., leiðir til verulegra rangfærslna,
 - r) ef sannprófundinn hefur tekið eftir breytingum á afkastagetu, starfsemisstigi og rekstri stöðvar, sem gætu haft áhrif á úthlutun losunarheimilda til stöðvar og sem lögbæru yfirvaldi hefur ekki verið tilkynnt um fyrir 31. desember á skýrslutímabilinu í samræmi við 1. mgr. 24. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2011/278/ESB: lýsing á þessum breytingum og athugasemdir sem þær varða,
 - s) tillögur um umbætur, eftir atvikum,
 - t) nöfn yfirúttektarmanns viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir, óháðs rýnis, og, ef við á, úttektarmanns viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir og tæknisérfræðings sem tóku þátt í sannprófun á skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars,
 - u) dagsetning og undirskrift fulltrúa sannprófanda sem hefur til þess heimild, þ.m.t. nafn hans.
4. Sannprófundinn skal í sannprófunarskýrslunni lýsa rangfærslum, ósamræmi og vanefndum á því að farið sé að framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2066 eða framseldri reglugerð (ESB) .../... með nægilega ítarlegum hætti til að rekstraraðila eða umráðanda loftfars, sem og lögbæru yfirvaldi, sé gert kleift að átta sig á eftirfarandi:
 - a) umfangi og eðli rangfærslunnar, ósamræmisins eða vanefndanna á því að farið sé að framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2066 eða framseldri reglugerð (ESB) .../...,
 - b) hvers vegna rangfærslan hefur veruleg áhrif, eða ekki,

- c) hvaða þætti í skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars rangfærslan á við um eða hvaða þætti í vöktunaráætluninni eða í áætluninni um aðferðafræði við vöktun ósamræmið á við um,
- d) hvaða grein í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2066 eða framseldri reglugerð (ESB) .../... vanefndirnar tengjast.

5. Í þeim tilgangi að sannprófa skýrslur um losun eða skýrslur um tonnklómetra, ef aðildarríki biður sannprófundann að leggja fram upplýsingar um sannprófunarferlið til viðbótar við þættina sem lýst er í 3. mgr. og þær upplýsingar eru ekki nauðsynlegar til að skilja sannprófunarálitið, er rekstraraðila eða umráðanda loftfars heimilt, fyrir skilvirkni sakir, að leggja þær viðbótarupplýsingar fyrir lögbært yfirvald á öðrum degi en sannprófunarskýrsluna, en eigi síðar en 15. maí sama árs.

28. gr.

Takmörkun gildissviðs

Sannprófandi kann að komast að þeirri niðurstöðu að gildissvið sannprófunarinnar, sem um getur í c-lið 1. mgr. 27. gr., sé of takmarkað við einhverjar af eftirfarandi aðstæðum:

- a) gögn vantar, sem kemur í veg fyrir að sannprófandi geti aflað þeirra sannana sem nauðsyn krefur til að draga úr sannprófunaráhættu að því marki sem þörf er á til að ná fram viðunandi áreiðanleikastigi,
- b) lögbært yfirvald hefur ekki samþykkt vöktunaráætlunina,
- c) vöktunaráætlunin eða áætlunin um aðferðafræði við vöktun, eins og við á, gerir ekki ráð fyrir viðunandi umfangi eða skýrleika til að ljúka megi sannprófuninni,
- d) rekstraraðili eða umráðandi loftfars hefur látið hjá líða að koma fullnægjandi upplýsingum á framfæri til að sannprófanda sé kleift að framkvæma sannprófunina,
- e) ef þess er krafist samkvæmt framseldri reglugerð (ESB) .../... eða af hálfu aðildarríkis að lögbært yfirvald samþykki áætlunina um aðferðafræði við vöktun fyrir framlagningu skýrslunnar um grunn gögn og lögbæra yfirvaldið hefur ekki samþykkt þessa áætlun áður en sannprófunin hefst.

29. gr.

Viðbrögð við eftirstandandi ósamræmi sem ekki er verulegt

1. Sannprófandi skal meta hvort rekstraraðili eða umráðandi loftfars hafi leiðrétt ósamræmi, sem tilgreint er í sannprófunarskýrslunni, í tengslum við næstliðinn vöktunartíma í samræmi við kröfur til rekstraraðila sem um getur í 4. mgr. 69. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066, þar sem við á.

Ef rekstraraðili eða umráðandi loftfars hefur ekki leiðrétt þetta ósamræmi, skv. 4. mgr. 69. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066, skal sannprófundinn íhuga hvort vanrækslan auki eða gæti aukið hættu á rangfærslum.

Sannprófandi skal upplýsa í sannprófunarskýrslunni hvort rekstraraðili eða umráðandi loftfars hafi leyst úr slíku ósamræmi.

2. Sannprófandi skal skrá upplýsingar um það í innri sannprófunargögn hvenær og hvernig rekstraraðili eða umráðandi loftfars leysir úr greindu ósamræmi meðan á sannprófun stendur.

30. gr.

Úrbætur á vöktunar- og skýrslugjafarferli

1. Ef sannprófandi hefur greint svið, sem þarfnast úrbóta í framkvæmd rekstraraðila eða umráðanda loftfars í tengslum við a-til e-lið í þessari málsgrein, skal hann leggja fram tillögur til úrbóta í sannprófunarskýrslunni sem varða framkvæmd rekstraraðila eða umráðanda loftfars varðandi þessa liði:

- a) áhættumat rekstraraðila eða umráðanda loftfars,
- b) þróun, skjalahald, framkvæmd og viðhald á starfsemi í tengslum við gagnflæði og eftirlit, sem og mat á eftirlitskerfinu,

- c) þróun, skjalahald, framkvæmd og viðhald á verklagsreglum vegna starfsemi í tengslum við gagnaflæði og eftirlitsstarfsemi, sem og aðrar verklagsreglur sem rekstraraðili eða umráðandi loftfars verður að koma á samkvæmt framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2066 eða 2. mgr. 11. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) .../....,
- d) vöktun og skýrslugjöf varðandi losun eða tonnklómetra, þ.m.t. í tengslum við að ná fram herra aðferðarþrepi, draga úr áhættu og auka skilvirkni við vöktun og skýrslugjöf,
- e) vöktun og skýrslugjöf varðandi gögn fyrir skýrslur um grunn gögn og skýrslur um nýja aðila.

2. Meðan á sannprófun stendur á næsta ári eftir það ár sem tillögur til úrbóta voru lagðar fram í sannprófunarskýrslu skal sannprófundinn athuga hvort rekstraraðili eða umráðandi loftfars hafi hrint þessum tillögum til úrbóta í framkvæmd og með hvað hætti það hefur verið gert.

Ef rekstraraðili eða umráðandi loftfars hefur ekki hrint þessum tillögum í framkvæmd eða hefur ekki framkvæmt þær á réttan hátt skal sannprófundinn meta áhrifin sem það hefur á áhættu á rangfærslum og ósamræmi.

31. gr.

Einfölduð sannprófun fyrir stöðvar

1. Þrátt fyrir 1. mgr. 21. gr. er sannprófanda heimilt að ákveða, að fengnu samþykki frá lögbæru yfirvaldi í samræmi við aðra undirgrein þessarar greinar, að fara ekki í vettvangsheimsóknir til stöðva. Þessi ákvörðun skal grundvallast á niðurstöðu úr áhættugreiningu og eftir að sannprófundinn hefur ákvarðað að hægt sé að nálgast öll viðeigandi gögn með fjaraðgangi og að skilyrðin fyrir því að fara ekki í vettvangsheimsóknir séu uppfyllt. Sannprófundinn skal upplýsa rekstraraðilann um þetta án ástæðulausrar tafar.

Rekstraraðilinn skal leggja fram umsókn til lögbærs yfirvalds þar sem lögbært yfirvald er beðið um að samþykkja ákvörðun sannprófanda um að fara ekki í vettvangsheimsókn.

Lögbært yfirvald skal ákveða út frá umsókninni, sem viðkomandi rekstraraðili leggur fram, hvort það samþykkir ákvörðun sannprófanda um að fara ekki í vettvangsheimsókn, að teknu tilliti til allra eftirfarandi þátta:

- a) upplýsinga sem sannprófandi leggur fram varðandi niðurstöður áhættugreiningar,
- b) upplýsinga um að hægt sé að nálgast viðkomandi gögn með fjaraðgangi,
- c) sannana fyrir því að kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 3. mgr., gildi ekki um stöðina,
- d) sannana fyrir því að skilyrðin fyrir því að sleppa vettvangsheimsóknum séu uppfyllt.

2. Ekki er þörf á samþykki lögbæra yfirvaldsins, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, fyrir því að sleppa vettvangsheimsóknum til stöðva með litla losun sem um getur í 2. mgr. 47. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066.

3. Sannprófandi skal ávallt fara í vettvangsheimsókn við eftirfarandi aðstæður:

- a) þegar sannprófundinn sannprófar skýrslu rekstraraðila um losun í fyrsta sinn,
- b) ef sannprófundinn hefur ekki farið í vettvangsheimsókn í tvö skýrslutímabil næst á undan núverandi skýrslutímabili,
- c) ef mikilvægar breytingar hafa orðið á vöktunaráætluninni á skýrslutímabilinu, þ.m.t. þær sem um getur í 3. mgr. 15. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066,
- d) ef skýrsla rekstraraðila um grunn gögn eða skýrsla með gögnum um nýja aðila er sannprófuð.

4. Ákvæði c-liðar 3. mgr. gilda ekki ef einungis hafa verið gerðar breytingar á sjálfgildinu fyrir reiknistuðulinn, eins og um getur í h-lið 3. mgr. 15. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066, á skýrslutímabilinu.

32. gr.

Skilyrði fyrir því að fara ekki í vettvangsheimsóknir

Skilyrðin fyrir því að fara ekki í vettvangsheimsóknir, sem um getur í 1. mgr. 31. gr., eru einhver af eftirfarandi:

- 1) sannprófunin varðar stöð í flokki A, sem um getur í a-lið 2. mgr. 19. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066, eða stöð í flokki B, sem um getur í b-lið 2. mgr. 19. gr. í sömu framkvæmdarreglugerð, þar sem:
 - a) stöðin er einungis með einn efnisstraum, eins og um getur í c-lið 3. mgr. 19. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066, sem er jarðgas, eða einn eða fleiri minni háttar efnisstrauma sem fara samanlagt ekki yfir viðmiðunarmörkin fyrir minni háttar efnisstrauma sem mælt er fyrir um í 19. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066,
 - b) jarðgasið er vaktað með fjármatsmælingu sem fellur undir viðeigandi lagareglur um eftirlit með fjármatsmælum og uppfyllir tilskilin óvissustig sem tengjast viðeigandi aðferðarþrepi,
 - c) einungis eru notuð sjálfgildi fyrir reiknistuðla jarðgass,
- 2) sannprófunin varðar stöð í flokki A, sem um getur í a-lið 2. mgr. 19. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066, eða stöð í flokki B, sem um getur í b-lið 2. mgr. 19. gr. í sömu framkvæmdarreglugerð, þar sem:
 - a) stöðin er einungis með einn efnisstraum sem er eldsneyti án losunar frá vinnslu og þetta eldsneyti er annaðhvort eldsneyti í föstu formi, sem er brennt beint í stöðinni án millistigsgeymslu, eða fljótandi eða gaskennt eldsneyti sem er e.t.v. sett í millistigsgeymslu,
 - b) gögn um starfsemi, sem tengjast efnisstraumnum, eru vöktuð með því að nota eina af eftirtöldum aðferðum:
 - i. fjármatsmæliaðferð sem fellur undir viðeigandi lagareglur um eftirlit með fjármatsmælum og uppfyllir tilskilin óvissustig sem tengjast viðeigandi aðferðarþrepi,
 - ii. aðferð sem byggist eingöngu á reikningsfærðum gögnum, að teknu tilliti til birgðabreytinga, ef við á,
 - c) einungis eru notuð sjálfgildi fyrir reiknistuðlana,
 - d) lögbært yfirvald hefur heimilað stöðinni að nota einfaldaða vöktunaráætlun í samræmi við 13. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066,
- 3) sannprófunin varðar stöð með litla losun, eins og um getur í 2. mgr. 47. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066, og ákvæði a- til c-liðar í 2. lið gilda,
- 4) sannprófunin varðar stöð sem er staðsett á mannlausu svæði þar sem:
 - a) fjármæld gögn frá mannlausu staðnum eru send beint á annan stað þar sem öll gögn eru unnin, þeim stjórnað og þau geymd,
 - b) sami aðilinn er ábyrgur fyrir allri gagnastjórnun og skráningu fyrir staðinn,
 - c) rekstraraðilinn eða rannsóknarstofa hefur þegar skoðað mælana á staðnum, í samræmi við 60. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066, og undirritað skjal eða gögn í formi ljósmynda, stimpluð með dagsetningu, sem rekstraraðilinn leggur fram sýna fram á að engar breytingar á mælingum eða rekstri hafa átt sér stað á stöðinni síðan sú skoðun var framkvæmd,
- 5) sannprófunin varðar stöð sem er staðsett á afskekktu eða óaðgengilegu svæði, einkum stöð á hafi úti, þar sem:
 - a) miklu magni upplýsinga er safnað miðlægt af staðnum og sent beint á annan stað þar sem öll gögnin eru unnin, þeim stjórnað og þau geymd með góðri tryggingu fyrir gæðum,
 - b) rekstraraðilinn eða rannsóknarstofa hefur þegar skoðað mælana á staðnum, í samræmi við 60. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066, og undirritað skjal eða gögn í formi ljósmynda, stimpluð með dagsetningu, sem rekstraraðilinn leggur fram sýna fram á að engar breytingar á mælingum eða rekstri hafa átt sér stað á stöðinni síðan sú skoðun var framkvæmd.

Einnig er heimilt að beita 2. lið ef stöðin notar, til viðbótar við efnisstraum eins og um getur í a-lið þess liðar, einn eða fleiri minni háttar efnisstrauma sem fara samanlagt ekki yfir viðmiðunarmörkin fyrir minni háttar efnisstrauma sem mælt er fyrir um í 19. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066.

33. gr.

Einfölduð sannprófun fyrir umráðendur loftfara

1. Þrátt fyrir 1. mgr. 21. gr. þessarar reglugerðar getur sannprófandi ákveðið að fara ekki í vettvangsheimsókn til smálosanda, sem um getur í 1. mgr. 55. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066, ef sannprófandinn hefur gengið úr skugga um, á grundvelli áhættugreiningar, að hann geti nálgast öll viðeigandi gögn með fjaraðgangi.
2. Ef flugrekandi notar einfölduðu tækin, sem um getur í 2. mgr. 55. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066, til að ákvarða eldsneytisnotkun, og uppgöfn gögn eru til komin með því að nota þessi tæki, óháð innfærslu frá umráðanda loftfarsins, getur sannprófandi ákveðið, á grundvelli áhættugreiningar, að sleppa því að framkvæma athuganirnar sem um getur í 14. og 16. gr., 17. gr. (1. og 2. mgr.) og 18. gr. þessarar reglugerðar.

34. gr.

Einfaldaðar sannprófunaráætlanir

Ef sannprófandi notar einfaldaða sannprófunaráætlun skal hann halda skrá yfir röksemdir fyrir því að nota slíkar áætlanir í innri sannprófunargögnum, þ.m.t. sannanir fyrir því að skilyrði fyrir notkun á einfölduðum sannprófunaráætlunum hafi verið uppfyllt.

III. KAFLI

KRÖFUR SEM VARÐA SANNPRÓFENDUR

35. gr.

Gildissvið faggildinga innan geira

Sannprófandi skal eingöngu gefa út sannprófunarskýrslu fyrir rekstraraðila eða umráðanda loftfars, sem stundar starfsemi sem fellur undir svið þeirrar starfsemi sem um getur í I. viðauka, sem sannprófandinn hefur öðlast faggildingu fyrir í samræmi við ákvæði reglugerðar (EB) nr. 765/2008 og þessarar reglugerðar.

36. gr.

Stöðugt hæfnisferli

1. Sannprófandi skal koma á fót, skjalfesta, framkvæma og viðhalda hæfnisferli til þess að tryggja að allt starfsfólk, sem falið er að sinna sannprófunarstörfum, sé hæft til að sinna þeim verkefnum sem því eru falin.
2. Hluti af hæfnisferlinu, sem um getur í 1. gr., felst í því að sannprófandinn skal a.m.k. ákvarða, skjalfesta, framkvæma og viðhalda eftirfarandi:
 - a) almennum hæfnisviðmiðunum fyrir allt starfsfólk sem fæst við sannprófunarstörf,
 - b) sértækum hæfnisviðmiðunum fyrir hvert verk sannprófanda sem fæst við sannprófunarstörf, einkum fyrir úttektafólki viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir, yfirúttektarmann viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir, óháðan rýni og tæknisérfræðing,
 - c) aðferð til að tryggja stöðuga hæfni og reglulegt mat á frammistöðu alls starfsfólks sem fæst við sannprófunarstörf,
 - d) ferli til að tryggja reglubundna þjálfun starfsfólks sem fæst við sannprófunarstörf,
 - e) ferli til að meta hvort sannprófunarverkefni falli innan gildissviðs faggildingar sannprófanda og hvort sannprófandi búi yfir hæfni, starfsfólki og úrræðum sem þörf er á til að velja sannprófunarhóp og ljúka sannprófunarstörfum með góðum árangri innan þeirra tímamarka sem krafist er.

Hæfnisviðmiðanirnar, sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar, skulu vera sértækar fyrir hvert gildissvið faggildingar sem viðkomandi einstaklingar starfa á við sannprófunarstörf.

Við mat á hæfni starfsfólks samkvæmt c-lið fyrstu undirgreinar skal sannprófandi meta þá hæfni út frá hæfnisviðmiðunum sem um getur í a- og b-lið.

Ferlið, sem um getur í e-lið fyrstu undirgreinar, skal einnig fela í sér ferli til að meta hvort sannprófunarhópurinn hafi yfir að búa allri þeirri hæfni og starfsfólki sem þörf er á til að annast sannprófunarstörf fyrir tiltekinn rekstraraðila eða umráðanda loftfars.

Sannprófandinn skal þróa almennar og sértækar hæfnisviðmiðanir sem eru í samræmi við viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 37. gr. (4. mgr.) og í 38., 39. og 40. gr.

3. Sannprófandinn skal fylgjast reglulega með frammistöðu alls starfsfólks sem annast sannprófunarstörf til að staðfesta stöðuga hæfni starfsfólksins.

4. Sannprófundinn skal fara reglulega yfir hæfnisferlið, sem um getur í 1. mgr., til að tryggja að:
 - a) hæfnisviðmiðanir, sem um getur í a- og b-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr., séu þróaðar í samræmi við hæfniskröfurnar samkvæmt þessari reglugerð,
 - b) brugðist sé við öllum atriðum sem kunna að koma fram í tengslum við setningu á almennum og sértækum hæfnisviðmiðunum skv. a- og b-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr.,
 - c) allar kröfur að því er viðkemur hæfnisferlinu séu uppfærðar og þeim viðhaldið eins og við á.
5. Sannprófundinn skal búa yfir kerfi til að skrá niðurstöður þeirrar starfsemi sem fer fram í tengslum við hæfnisferlið sem um getur í 1. mgr.
6. Tilhlýðilega hæfur matsaðili skal meta hæfni og frammistöðu úttektarmanns viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir og yfirúttektarmanns viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir.

Hæfi matsaðilinn skal fylgjast með viðkomandi úttektarmönnum meðan á sannprófun á skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars standur, á staðnum þar sem stöðin er eða umráðandi loftfars, eins og við á, til þess að ákvarða hvort þeir uppfylli hæfnisviðmiðanirnar.
7. Ef starfsmaður er ófær um að sýna fram á að hann uppfylli að fullu hæfnisviðmiðanir varðandi tiltekið verkefni sem honum hefur verið falið skal sannprófundinn skilgreina og skipuleggja viðbótarþjálfun eða starfsþjálfun undir eftirliti. Sannprófundinn skal fylgjast með viðkomandi starfsmanni þar til starfsmaðurinn sýnir sannprófundanum fram á að hann uppfylli hæfnisviðmiðanirnar.

37. gr.

Sannprófunarhópar

1. Fyrir sérhvert sannprófunarverkefni skal sannprófandi setja saman sannprófunarhóp sem er fær um að sinna sannprófunarstörfunum sem um getur í II. kafla.
2. Í sannprófunarhópnum skulu a.m.k. vera yfirúttektarmaður viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir og, ef niðurstöður sannprófanda úr matinu sem um getur í e-lið 1. mgr. 8. gr. og skipulegri greiningu útheimta það, hæfilegur fjöldi af úttektarmönnum viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir og tæknisérfræðingum.
3. Að því er varðar óháða endurskoðun á sannprófunarstörfum sem varða tiltekið sannprófunarverkefni skal sannprófundinn tilnefna óháðan rýni sem skal ekki vera hluti af sannprófunarhópnum.
4. Sérhver þátttakandi í hópnum skal:
 - a) hafa nákvæman skilning á eiginlegu hlutverki sínu í sannprófunarferlinu,
 - b) vera fær um að tjá sig á skilvirkan hátt á því tungumáli sem nauðsynlegt er til að sinna sértækum verkefnum sínum.
5. Í sannprófunarhópnum skal vera a.m.k. einn einstaklingur sem býr yfir tæknilegri færni og skilningi sem þarf til að meta þá sértæku þætti sem varða tæknivöktun og skýrslugjöf í tengslum við þá starfsemi, sem um getur í I. viðauka, sem fer fram á stöð eða hjá umráðanda loftfars. Í sannprófunarhópnum skal einnig vera a.m.k. einn einstaklingur sem er fær um að tjá sig á því tungumáli sem er nauðsynlegt við sannprófun á skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars í því aðildarríki þar sem sannprófandi annast sannprófunina.

Ef sannprófundinn annast sannprófun á skýrslum um grunnöggn og skýrslum með gögnum um nýja aðila skal vera a.m.k. einn einstaklingur til viðbótar í sannprófunarhópnum sem býr yfir tæknilegri færni og skilningi sem þarf til að meta þá sértæku tæknilegu þætti sem varða söfnun, vöktun og skýrslugjöf um gögn sem skipta máli fyrir úthlutun án endurgjalds.

6. Ef sannprófunarhópurinn er einn einstaklingur skal sá einstaklingur uppfylla allar hæfniskröfur sem gerðar eru til úttektarmanns viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir og yfirúttektarmanns viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir og uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 4. og 5. mgr.

38. gr.

Hæfniskröfur til úttektarmanna viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir og yfirúttektarmanna viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir

1. Úttektarmaður viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir skal búa yfir hæfni til að annast sannprófunina. Í þessu skyni skal úttektarmaður viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir a.m.k. búa yfir:
 - a) þekkingu á tilskipun 2003/87/EB, framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2066 og reglugerð (ESB) .../..., ef um er að ræða sannprófun á skýrslu um grunnöggn eða skýrslu með gögnum um nýja aðila, þessari reglugerð, viðkomandi stöðlum og annari viðkomandi löggjöf, gildandi viðmiðunarreglum sem og viðeigandi viðmiðunarreglum og löggjöf sem aðildarríkið, þar sem sannprófundinn annast sannprófun, gefur út,

- b) þekkingu og reynslu af úttekt á gögnum og upplýsingum, þ.m.t.:
- aðferðir við úttekt á gögnum og upplýsingum, þ.m.t. beiting mikilvægisstigs og mat á mikilvægi rangfærslna,
 - greining á eðlislægri áhættu og eftirlitsáhættu,
 - úrtökuáðferðir í tengslum við úrtöku á gögnum og athugun á eftirlitsstarfsemi,
 - mat á gagna- og upplýsingakerfum, upplýsingatæknikerfum, starfsemi í tengslum við gagnafleði, eftirlitsstarfsemi, eftirlitskerfum og aðferðum vegna eftirlitsstarfsemi,
- c) getu til að sinna störfum í tengslum við sannprófun á skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars eins og krafist er í II. kafla,
- d) þekkingu og reynslu innan tiltekins geira að því er varðar atriði við tæknivöktun og skýrslugjöf sem skipta máli fyrir svið þeirrar starfsemi sem um getur í I. viðauka sem úttektarmaður viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir annast sannprófun á.
2. Yfirúttektarmaður viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir skal uppfylla þær hæfniskröfur sem gilda um úttektarmann viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir og skal hafa sýnt í verki hæfni sína til að stýra sannprófunarhóp og bera ábyrgð á framkvæmd sannprófunarstarfa í samræmi við þessa reglugerð.

39. gr.

Hæfniskröfur um óháða rýna

- Óháður rýnir skal hafa viðeigandi heimildir til að fara yfir drög að sannprófunarskýrslu og innri sannprófunargögn skv. 25. gr.
- Óháður rýnir skal uppfylla hæfniskröfur fyrir yfirúttektarmann viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir sem um getur í 2. mgr. 38. gr.
- Óháður rýnir skal búa yfir nauðsynlegri hæfni til að greina uppgefnar upplýsingar til að staðfesta heilleika og heildstæði upplýsinganna, til að vefengja upplýsingar sem vantar eða mótsagnakenndar upplýsingar sem og að athuga gagnaslóðir í þeim tilgangi að meta hvort innri sannprófunargögn séu fullfrágengin og veiti fullnægjandi upplýsingar til stuðnings drögnum að sannprófunarskýrslunni.

40. gr.

Notkun tæknisérfræðinga

- Við framkvæmd sannprófunarstarfa er sannprófanda heimilt að nota tæknisérfræðinga til að láta í té ítarlega þekkingu og sérþekkingu á tilteknu viðfangsefni sem þörf er á til að aðstoða úttektarmann viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir og yfirúttektarmann viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir við sannprófunarstörf sín.
- Ef óháði rýnirinn hefur ekki hæfni til að meta tiltekið atriði í endurskoðunarferlinu skal sannprófandinn biðja um stuðning frá tæknisérfræðingi.
- Tæknisérfræðingurinn skal búa yfir þeirri hæfni og sérþekkingu sem þörf er á til að aðstoða úttektarmann viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir og yfirúttektarmann viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir eða óháða rýninn, ef nauðsyn krefur, á skilvirkan hátt að því er varðar það viðfangsefni þar sem þekkingar hans og sérþekkingar er óskað. Auk þess skal tæknisérfræðingurinn búa yfir fullnægjandi skilningi á þeim atriðum sem lýst er í a-, b-, og c-lið 1. mgr. 38. gr.
- Tæknisérfræðingurinn skal taka að sér tiltekin verkefni undir stjórn og á fullri ábyrgð yfirúttektarmanns viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir í sannprófunarhópnum sem tæknisérfræðingurinn eða óháði rýnirinn starfar í.

41. gr.

Aðferðir við sannprófunarstörf

- Sannprófandi skal koma á fót, skjalfesta, framkvæma og viðhalda einni eða fleiri verklagsreglum vegna sannprófunarstarfa eins og lýst er í II. kafla, sem og þeim verklagsreglum og ferlum sem krafist er skv. II. viðauka. Þegar þessum verklagsreglum og ferlum er komið á og hrint í framkvæmd skal sannprófandinn annast störf sín í samræmi við samhæfða staðalinn sem um getur í II. viðauka.
- Sannprófandi skal hanna, skjalfesta, hrinda í framkvæmd og viðhalda gæðastjórnunarkerfi til þess að tryggja samræmda þróun, framkvæmd, framfarir og endurskoðun á verklagsreglum og ferlum sem um getur í 1. mgr. í samræmi við samhæfða staðalinn sem um getur í II. viðauka.

42. gr.

Skrár og boðskipti

1. Sannprófandi skal halda skrár, þ.m.t. skrár um hæfni og óhlutdrægni starfsfólks, til þess að sýna fram að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar.
2. Sannprófandi skal með reglubundnu millibili koma á framfæri upplýsingum til rekstraraðila eða umráðanda loftfars og annarra hlutaðeigandi aðila í samræmi við samhæfða staðalinn sem um getur í II. viðauka.
3. Sannprófandi skal tryggja að upplýsingar, sem aflað er meðan á sannprófun stendur í samræmi við samhæfða staðalinn sem um getur í II. viðauka, séu trúnaðarmál.

43. gr.

Óhlutdrægni og óhæði

1. Sannprófandi skal vera óháður rekstraraðila eða umráðanda loftfars og óhlutdrægur við sannprófunarstörf sín.

Til að tryggja óhæði og óhlutdrægni mega sannprófandi og aðrir sem tilheyra sama lögaðila hvorki vera rekstraraðili né umráðandi loftfars, eigandi rekstraraðila eða umráðanda loftfars eða í eigu slíkra aðila né heldur skal sannprófundinn hafa tengsl við rekstraraðila eða umráðanda loftfars sem gæti haft á áhrif á óhæði hans og óhlutdrægni. Sannprófundinn skal einnig vera óháður aðilum sem stunda viðskipti með losunarheimildir samkvæmt kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda sem komið var á skv. 19. gr. tilskipunar 2003/87/EB.

2. Sannprófandi skal vera skipulagður þannig að hlutlægni hans, óhæði og óhlutdrægni sé tryggð. Að því er varðar þessa reglugerð gilda viðeigandi kröfur sem mælt er fyrir um í samhæfða staðlinum sem um getur í II. viðauka.

3. Sannprófandi skal ekki annast sannprófunarstörf fyrir rekstraraðila eða umráðanda loftfars þar sem það felur í sér óviðunandi áhættu fyrir óhlutdrægni hans eða veldur hagsmunaárekstri. Sannprófundinn skal ekki nota starfsfólk eða verktaka við sannprófun á skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars þar sem það hefur í för með sér raunverulegan eða hugsanlegan hagsmunaárekstur. Sannprófundinn skal einnig tryggja að störf starfsfólks eða stofnana hafi ekki áhrif á trúnaðarkvöð, hlutlægni, óhæði og óhlutdrægni sannprófunarinnar.

Litið skal svo á að óviðunandi áhætta fyrir óhlutdrægni eða hagsmunaárekstur, sem um getur í fyrsta málslið fyrstu undirgreinar, hafi einkum komið fram í öðru hvoru eftirfarandi tilvika:

- a) þegar sannprófandi eða aðrir sem tilheyra sama lögaðila veita ráðgjafarþjónustu til að þróa hluta af vöktunar- og skýrslugjafarferlinu sem lýst er í vöktunaráætluninni sem lögbært yfirvald hefur samþykkt, eða í áætluninni um aðferðafræði við vöktun, eftir því sem við á, þ.m.t. þróun á vöktunaraðferðum, drög að skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars og drög að vöktunaráætluninni eða áætluninni um aðferðafræði við vöktun,
 - b) þegar sannprófandi eða aðrir sem tilheyra sama lögaðila veita tækniástoð til að þróa eða viðhalda kerfi sem komið var á til að vakta og tilkynna um losun, gögn um tonnklómætra eða gögn sem skipta máli fyrir úthlutun án endurgjalds.
4. Litið skal svo á að hagsmunaárekstur að því er varðar sannprófanda, sem snertir tengsl milli hans og rekstraraðila eða umráðanda loftfars, hafi einkum komið fram í öðru hvoru eftirfarandi tilvika:
 - a) þegar tengsl á milli sannprófanda og rekstraraðila eða umráðanda loftfars byggjast á sameiginlegu eignarhaldi, sameiginlegum stjórnunarháttum, sameiginlegri stjórnun eða starfsfólki, sameiginlegum tilföngum, sameiginlegum fjármálum og sameiginlegum samningum eða markaðssetningu,
 - b) þegar ráðgefandi aðili, tækniástoðaraðili eða önnur stofnun, sem hefur tengsl við sannprófundann og ógnar óhlutdrægni hans, hefur veitt rekstraraðila eða umráðanda loftfars ráðgjafarþjónustu sem um getur í a-lið 3. mgr. eða tækniástoð sem um getur í b-lið sömu málsgreinar.

Að því er varðar b-lið fyrstu undirgreinar skal litið svo á að óhlutdrægni sannprófanda sé stofnað í hættu ef tengsl milli sannprófundans og ráðgefandi aðila, tækniástoðaraðila eða annarrar stofnunar byggjast á sameiginlegu eignarhaldi, sameiginlegum stjórnunarháttum, sameiginlegri stjórnun eða starfsfólki, sameiginlegum tilföngum, sameiginlegum fjármálum, sameiginlegum samningum eða markaðssetningu og sameiginlegri greiðslu á sölulaunum eða öðrum hvötum fyrir nýja viðskiptavinum.

5. Sannprófandi skal ekki útvísta óháðu endurskoðuninni eða útgáfu sannprófunarskýrslunnar. Að því er varðar þessa reglugerð skal sannprófundinn, við útvistun á öðrum sannprófunarstörfum, uppfylla viðeigandi kröfur sem mælt er fyrir um í samhæfða staðlinum sem um getur í II. viðauka.

Samt sem áður skulu samningar við einstaklinga um að taka að sér sannprófunarstörf ekki teljast til útvistunar að því er varðar fyrstu undirgrein ef sannprófundinn, þegar hann semur við þessa aðila, uppfyllir viðeigandi kröfur í samhæfða staðlinum sem um getur í II. viðauka.

6. Sannprófandi skal koma á, skjalfesta, hrinda í framkvæmd og viðhalda ferli til að tryggja stöðuga óhlutdrægni og óhæði sannprófundans, aðila sem tilheyrja sama lögaðila og sannprófundinn, annarra stofnana sem um getur í 4. mgr. og alls starfsfólks og verktaka sem taka þátt í sannprófuninni. Hluti af þessu ferli skal felast í kerfi til að standa vörð um óhlutdrægni og óhæði sannprófundans og skal uppfylla viðeigandi kröfur sem mælt er fyrir um í samhæfða staðlinum sem um getur í II. viðauka.

7. Ef yfirúttektarmaður viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir tekst á hendur sex árlegar sannprófanir fyrir tiltekinn umráðanda loftfars skal yfirúttektarmaðurinn taka sér hlé í þrjú ár samfleytt frá því að veita sama umráðanda loftfars sannprófunarþjónustu. Sex ára hámarkstímabilið tekur til allra sannprófana á losun gróðurhúsalofttegunda sem gerð er fyrir umráðanda loftfars og hefst eftir gildistöku þessarar reglugerðar.

IV. KAFLI

FAGGILDING

44. gr.

Faggilding

Sannprófandi, sem gefur út sannprófunarskýrslu fyrir rekstraraðila eða umráðanda loftfars, skal vera faggiltur fyrir það svið starfsemi sem um getur í I. viðauka sem skýrsla rekstraraðila eða umráðanda loftfars fellur undir og hann annast sannprófun á.

Sannprófandi, sem gefur út sannprófunarskýrslu fyrir rekstraraðila, skal þar að auki vera faggiltur fyrir starfsemisflokk nr. 98, sem um getur í I. viðauka, að því er varðar að sannprófa skýrslur um grunnögn eða skýrslur með gögnum um nýja aðila.

45. gr.

Markmið faggildingar

Meðan á faggildingarferli og vöktun á faggiltum sannprófundum stendur skal sérhver faggildingarstofa aðildarríkis meta hvort sannprófundinn og starfsfólk hans sem annast sannprófunarstörf:

- a) búi yfir hæfni til að annast sannprófun á skýrslum rekstraraðila eða umráðanda loftfars í samræmi við þessa reglugerð,
- b) framkvæmi sannprófun á skýrslum rekstraraðila og umráðanda loftfars í samræmi við þessa reglugerð,
- c) uppfylli kröfurnar sem um getur í III. kafla.

46. gr.

Beiðni um faggildingu

1. Sérhver lögaðili eða annar lögformlegur aðili getur beið um faggildingu skv. 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008 og ákvæðum þessa kafla.

Beiðnin skal innihalda þær upplýsingar sem krafist er á grundvelli samhæfða staðalsins sem um getur í III. viðauka.

2. Til viðbótar við upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skal umsækjandi einnig, áður en matið hefst skv. 45. gr., útvega faggildingarstofu aðildarríkisins eftirfarandi:

- a) allar upplýsingar sem faggildingarstofa aðildarríkisins biður um,
- b) verklagsreglur og upplýsingar varðandi ferlin sem um getur í 1. mgr. 41. gr. og upplýsingar um gæðastjórnunarkerfið sem um getur í 2. mgr. 41. gr.,
- c) hæfnisviðmiðanir sem um getur í a- og b-lið 2. mgr. 36. gr., niðurstöður hæfnisferlisins sem um getur í 36. gr. sem og önnur viðeigandi gögn um hæfni alls starfsfólksins sem tekur þátt í sannprófunarstörfum,
- d) upplýsingar um ferli til að tryggja stöðuga óhlutdrægni og óhæði sem um getur í 6. mgr. 43. gr., þ.m.t. viðkomandi skrár um óhlutdrægni og óhæði umsækjanda og starfsfólks hans,
- e) upplýsingar um tæknisérfræðinga og starfsmenn í lykilstöðum sem taka þátt í sannprófun á skýrslum rekstraraðila eða umráðanda loftfars,
- f) kerfi og ferli til að tryggja viðeigandi innri sannprófunargögn,
- g) aðrar viðeigandi skrár sem um getur í 1. mgr. 42. gr.

47. gr.

Undirbúningur á mati

1. Við undirbúning á matinu, sem um getur í 45. gr., skal sérhver faggildingarstofa aðildarríkis taka tillit til hversu margþætt gildissviðið er, sem umsækjandi óskar faggildingar á, sem og hversu flókið gæðastjórnunarkerfið er sem um getur í 2. mgr. 41. gr., ásamt verklagsreglunum og upplýsingunum um ferlin sem um getur í 1. mgr. 41. gr. og á hvaða landsvæði umsækjandi annast sannprófun eða hyggst annast sannprófun.
2. Að því er varðar þessa reglugerð skal faggildingarstofa aðildarríkis uppfylla lágmarkskröfurnar sem settar eru fram í samhæfða staðlinum sem um getur í III. viðauka.

48. gr.

Mat

1. Matshópurinn, sem um getur í 58. gr., skal a.m.k. framkvæma eftirfarandi aðgerðir í þeim tilgangi að vinna matið sem um getur í 45. gr.:
 - a) yfirferð á öllum viðeigandi skjölum og skráum sem um getur í 46. gr.,
 - b) heimsókn á athafnasvæði umsækjanda til að fara yfir dæmigert úrtak af innri sannprófunargögnum og til að meta framkvæmdina á gæðastjórnunarkerfi umsækjanda og verklagsreglurnar eða ferlið sem um getur í 41. gr.,
 - c) staðfestingu á dæmigerðum hluta á því gildissviði sem óskað er eftir faggildingu á og frammistöðu og hæfni dæmigerðs úrtaks starfsfólks umsækjanda sem tekur þátt í sannprófun á skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars til þess að tryggja að starfsfólkið starfi í samræmi við þessa reglugerð.

Við framkvæmd á þessum aðgerðum skal matshópurinn uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í samhæfða staðlinum sem um getur í III. viðauka.

2. Matshópurinn skal upplýsa umsækjanda um niðurstöður sínar og ósamræmi sem hann finnur, í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í samhæfða staðlinum sem um getur í III. viðauka, og skal gera þá kröfu að umsækjandi bregðist við uppgefnum niðurstöðum og ósamræmi í samræmi við þau ákvæði.
3. Umsækjandi skal grípa til aðgerða til úrbóta til að bregðast við hvers kyns ósamræmi sem honum var tilkynnt um skv. 2. mgr. og skal hann tilgreina í svari sínu við tilkynntum niðurstöðum matshópsins og því ósamræmi sem hann fann hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar eða eru fyrirhugaðar til að leysa úr tilgreindu ósamræmi innan þeirra tímamarka sem faggildingarstofa aðildarríkis setur.
4. Faggildingarstofa aðildarríkis skal fara yfir viðbrögð umsækjanda við niðurstöðum og ósamræmi sem lögð eru fram skv. 3. mgr.

Ef faggildingarstofa aðildarríkis álitur svör umsækjanda ófullnægjandi eða ábótavant skal hún krefja umsækjanda um frekari upplýsingar eða aðgerðir. Faggildingarstofa aðildarríkis getur einnig gert kröfu um sannanir fyrir skilvirkri framkvæmd á aðgerðum, sem gripið var til, eða framkvæmt mat á eftirfylgni til að meta skilvirka framkvæmd á aðgerðum til úrbóta.

49. gr.

Ákvörðun um faggildingu og faggildingarvottorð

1. Faggildingarstofa aðildarríkis skal taka tillit til krafanna, sem mælt er fyrir um í samhæfða staðlinum sem um getur í III. viðauka, við undirbúning og ákvarðanatöku varðandi það hvort hún veitir, framlengir eða endurnýjar faggildingu umsækjanda.
2. Þegar faggildingarstofa aðildarríkis hefur ákveðið að veita, framlengja eða endurnýja faggildingu umsækjanda skal hún gefa út faggildingarvottorð þess efnis.

Faggildingarvottorðið skal a.m.k. innihalda þær upplýsingar sem krafist er á grundvelli samhæfða staðalsins sem um getur í III. viðauka.

Faggildingarvottorð skal hafa ákveðinn gildistíma sem má mest vera fimm ár frá þeim degi sem faggildingarstofa aðildarríkis gefur vottorðið út.

50. gr.

Eftirlit

1. Faggildingarstofa aðildarríkis skal framkvæma árlegt eftirlit með hverjum þeim sannprófanda sem hún hefur gefið út faggildingarvottorð fyrir.

Eftirlitið skal a.m.k. samanstanda af eftirfarandi:

- a) heimsókn á athafnasvæði sannprófundans með það í huga að framkvæma þær aðgerðir sem um getur í b-lið 1. mgr. 48. gr.,
 - b) að fylgst sé með frammistöðu og hæfni dæmigerðs fjölda starfsfólks sannprófanda í samræmi við c-lið 1. mgr. 48. gr.
2. Faggildingarstofa aðildarríkis skal framkvæma fyrsta eftirlitið með sannprófanda í samræmi við 1. mgr., eigi síðar en 12 mánuðum frá þeim degi sem faggildingarvottorðið fyrir þann sannprófanda var gefið út.
 3. Faggildingarstofa aðildarríkis skal undirbúa áætlun sína um eftirlit með sérhverjum sannprófanda með þeim hætti sem tekur til dæmigerðs úrtaks innan gildissviðs faggildingarinnar sem meta skal, í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í samhæfða staðlinum sem um getur í III. viðauka.
 4. Á grundvelli niðurstaðna úr eftirlitinu, sem um getur í 1. mgr., skal faggildingarstofa aðildarríkis ákveða hvort staðfesta skuli áframhaldandi faggildingu.
 5. Þegar sannprófandi annast sannprófun í öðru aðildarríki getur faggildingarstofa aðildarríkisins, sem hefur faggilt sannprófundann, beðið landsbundna faggildingarstofu aðildarríkisins þar sem sannprófunin á sér stað um að sinna eftirlitsstörfum fyrir sína hönd og á sína ábyrgð.

51. gr.

Endurmat

1. Áður en faggildingarvottorð rennur út skal faggildingarstofa aðildarríkis annast endurmat á sannprófundanum, sem faggildingarstofa aðildarríkisins hefur gefið út faggildingarvottorð fyrir, til þess að ákvarða hvort framlengja megi gildistíma faggildingarvottorðsins.
2. Faggildingarstofa aðildarríkis skal undirbúa áætlun sína um endurmat á sérhverjum sannprófanda með þeim hætti sem tekur til dæmigerðs úrtaks innan gildissviðs faggildingarinnar sem meta skal. Við skipulag og framkvæmd endurmatsins skal faggildingarstofa aðildarríkis uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í samhæfða staðlinum sem um getur í III. viðauka.

52. gr.

Sérstakt aukamat

1. Faggildingarstofa aðildarríkis getur hvenær sem er látið gera sérstakt aukamat á sannprófanda til að tryggja að sannprófundinn uppfylli kröfur þessarar reglugerðar.
2. Til þess að faggildingarstofa aðildarríkis geti metið þörfina á sérstöku aukamati skal sannprófundinn upplýsa faggildingarstofu aðildarríkisins þegar í stað um allar umtalsverðar breytingar viðkomandi faggildingu hans sem varða þætti í tengslum við stöðu hans eða rekstur. Umtalsverðar breytingar skulu fela í sér þær breytingar sem getið er í samhæfða staðlinum sem um getur í III. viðauka.

53. gr.

Rýmkun gildissviðs

Faggildingarstofa aðildarríkis skal, eftir að henni hefur borist umsókn frá sannprófanda um rýmkun á gildissviði faggildingar sem þegar hefur verið veitt, takast á hendur nauðsynlegar aðgerðir til að ákvarða hvort sannprófundinn uppfylli kröfurnar í 45. gr. varðandi umbeðna rýmkun á gildissviði faggildingar hans.

54. gr.

Stjórnsýsluráðstafanir

1. Faggildingarstofa aðildarríkis getur fellt faggildingu sannprófanda úr gildi tímabundið, afturkallað hana eða þrengt gildissvið hennar ef sannprófundinn uppfyllir ekki kröfur þessarar reglugerðar.

Faggildingarstofa aðildarríkis skal fella faggildingu sannprófanda úr gildi tímabundið, afturkalla hana eða þrengja gildissvið hennar ef sannprófundinn fer fram á það.

Faggildingarstofa aðildarríkis skal koma á, skjalfesta, hrinda í framkvæmd og viðhalda málsmeðferð varðandi tímabundna niðurfellingu á faggildingu, afturköllun á faggildingu og þrengingu á gildissviði faggildingar.

2. Faggildingarstofa aðildarríkis skal fella faggildingu úr gildi tímabundið eða þrengja gildissvið faggildingar í öllum eftirfarandi tilvikum:
 - a) sannprófandi hefur brotið alvarlega gegn kröfum þessarar reglugerðar,
 - b) sannprófanda hefur þrálátlega og endurtekið mistekist að uppfylla kröfur þessarar reglugerðar,
 - c) sannprófandi hefur brotið gegn öðrum tilteknum skilmálum og skilyrðum faggildingarstofu aðildarríkisins.

3. Faggildingarstofa aðildarríkis skal afturkalla faggildingu í eftirfarandi tilvikum:
 - a) sannprófanda hefur mistekist að ráða bót á þeim atriðum sem urðu til þess að ákveðið var að fella faggildingarvottorðið tímabundið úr gildi,
 - b) einstaklingur í yfirstjórn sannprófanda eða starfsmenn sannprófanda, sem taka þátt í sannprófunarstörfum samkvæmt þessari reglugerð, hafa verið fundnir sekir um svik,
 - c) sannprófandi hefur viljandi lagt fram rangar upplýsingar eða leynt upplýsingum.
4. Unnt skal að áfrýja ákvörðun faggildingarstofu aðildarríkis um að fella faggildingu úr gildi tímabundið, afturkalla hana eða þrengja gildissvið hennar í samræmi við 2. og 3. mgr.

Aðildarríkin skulu koma á málsmeðferðarreglum til að leiða slíkar áfrýjanir til lykta.

5. Ákvörðun faggildingarstofu aðildarríkis um að fella faggildingu úr gildi tímabundið, afturkalla hana eða þrengja gildissvið hennar skal taka gildi um leið og sannprófanda hefur verið tilkynnt um hana.

Faggildingarstofa aðildarríkis skal binda enda á tímabundna niðurfellingu faggildingarvottorðs þegar hún hefur fengið í hendur fullnægjandi upplýsingar og er sannfærð um að sannprófandi uppfylli kröfur þessarar reglugerðar.

V. KAFLI

KRÖFUR SEM VARÐA FAGGILDINGARSTOFUR FYRIR FAGGILDINGU Á SANNPRÓFENDUM KERFIS FYRIR VIÐSKIPTI MEÐ LOSUNARHEIMILDIR

55. gr.

Faggildingarstofa aðildarríkis

1. Faggildingarstofur aðildarríkis, sem til þess hafa verið tilnefndar skv. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008, skulu annast verkefni sem varða faggildingu samkvæmt þessari reglugerð.
2. Þegar aðildarríki ákveður að heimila vottun á sannprófundum, sem eru einstaklingar, samkvæmt þessari reglugerð skulu verkefni, sem varða vottun á slíkum sannprófundum, falin öðru landsyfirvaldi en faggildingarstofu aðildarríkisins sem tilnefnd er skv. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008.
3. Ef aðildarríki ákveður að nýta sér möguleikann, sem mælt er fyrir um í 2. mgr., skal það tryggja að landsyfirvaldið sem um ræðir uppfylli kröfur þessarar reglugerðar, þ.m.t. þær sem mælt er fyrir um í 71. gr. þessarar reglugerðar, og leggi fram þau skriflegu sönnunargögn sem krafist er í samræmi við 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008.
4. Faggildingarstofa aðildarríkis skal vera aðili að stofnuninni sem er viðurkennd skv. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008.
5. Faggildingarstofu aðildarríkis skal falin umsjá faggildingar sem skal teljast starfsemi opinbers yfirvalds og skal hljóta til þess formlega viðurkenningu aðildarríkisins ef opinber yfirvöld sinna ekki faggildingu með beinum hætti.
6. Að því er varðar þessa reglugerð skal faggildingarstofa aðildarríkis sinna störfum sínum í samræmi við þær kröfur sem settar eru fram í samhæfða staðlinum sem um getur í III. viðauka.

56. gr.

Faggilding yfir landamæri

Ef aðildarríki álitur að það sé ekki fjárhagslega hagkvæmt eða sjálfbært að tilnefna landsbundna faggildingarstofu eða veita faggildingarþjónustu í skilningi 15. gr. tilskipunar 2003/87/EB skal viðkomandi aðildarríki geta leitað til faggildingarstofu annars aðildarríkis.

Hlutaðeigandi aðildarríki skal tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um það.

57. gr.

Óhæði og óhlutdrægni

1. Faggildingarstofa í aðildarríki skal vera skipulögð með þeim hætti að tryggt sé að hún sé að öllu leyti óháð þeim sannprófundum sem hún sér um að meta og óhlutdræg við framkvæmd faggildingarstarfsemi sinnar.
2. Í þessu skyni skal faggildingarstofa í aðildarríki ekki bjóða eða veita neina þjónustu eða starfsemi sem sannprófandi veitir né heldur skal hún veita ráðgjafarþjónustu, eiga hlut í eða á annan hátt eiga fjárhagslegra eða stjórnunarlegra hagsmuna að gæta hjá sannprófanda.
3. Með fyrirvara um 2. mgr. 55. gr. skulu skipulag, ábyrgðarsvið og verkefni faggildingarstofu í aðildarríki vera skýrt aðgreind frá skipulagi, ábyrgðarsviði og verkefnum lögbærs yfirvalds og annarra landsyfivalda.

4. Faggildingarstofa í aðildarríki skal taka allar endanlegar ákvarðanir sem varða faggildingu á sannprófendum.

Hins vegar er faggildingarstofu í aðildarríki heimilt að fela undirverktökum tiltekin störf, með fyrirvara um kröfurnar sem settar eru fram í samhæfða staðlinum sem um getur í III. viðauka.

58. gr.

Matshópur

1. Faggildingarstofa aðildarríkis skal tilnefna matshóp fyrir hvert og eitt mat.
2. Matshópurinn skal samanstanda af yfirmatsmanni og, ef nauðsyn krefur, viðeigandi fjölda matsmanna eða tæknisérfræðinga fyrir tiltekið gildissvið faggildingar.

Í matshópnum skal vera a.m.k. einn einstaklingur, sem hefur þekkingu á vöktun og skýrslugjöf varðandi losun gróðurhúsalofttegunda samkvæmt framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2066, sem skipta máli fyrir gildissvið faggildingarinnar, og býr yfir hæfni og skilningi sem þörf er á til að meta þá sannprófunarstarfsemi sem fer fram á stöð eða hjá umráðanda loftfars innan sama gildissviðs, og a.m.k. einn einstaklingur sem hefur þekkingu á viðkomandi landslöggjöf og leiðbeiningum.

Ef faggildingarstofa í aðildarríki metur hæfni sannprófanda og frammistöðu vegna gildissviðs nr. 98, sem um getur í I. viðauka við þessa reglugerð, skal vera a.m.k. einn einstaklingur til viðbótar í matshópnum sem býr yfir þekkingu sem varðar söfnun, vöktun og skýrslugjöf um gögn sem skipta máli fyrir úthlutun án endurgjalds samkvæmt framseldri reglugerð (ESB) .../... sem og hæfni og skilningi sem þörf er á til að meta sannprófunarstörfin fyrir þetta gildissvið.

59. gr.

Hæfniskröfur um matsmenn

1. Matsmaður skal búa yfir hæfni til að sinna þeirri starfsemi sem krafa er gerð um skv. IV. kafla við mat á sannprófanda. Í því skyni skal matsmaðurinn:
 - a) uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í samhæfða staðlinum samkvæmt reglugerð (EB) nr. 765/2008 sem um getur í III. viðauka,
 - b) hafa þekkingu á tilskipun 2003/87/EB, framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2066, framseldri reglugerð (ESB) .../... þegar hann metur hæfni sannprófanda og frammistöðu vegna gildissviðs nr. 98, sem um getur í I. viðauka við þessa reglugerð, þessari reglugerð, viðeigandi stöðlum og annarri viðkomandi löggjöf, sem og á gildandi viðmiðunarreglum,
 - c) hafa þekkingu á úttekt á gögnum og upplýsingum, sem um getur í b-lið 1. mgr. 38. gr. þessarar reglugerðar, sem fengist hefur með þjálfun, eða geta ráðfært sig við einhvern sem hefur þekkingu og reynslu af slíkum gögnum og upplýsingum.
2. Yfirmatsmaður skal uppfylla hæfniskröfurnar sem um getur í 1. mgr., hafa sýnt í verki hæfni til að stjórna matshóp og bera ábyrgð á að vinna mat í samræmi við þessa reglugerð.
3. Til viðbótar við hæfniskröfurnar, sem um getur í 1. mgr., skulu innri rýnar og einstaklingar, sem taka ákvarðanir um að veita, framlengja eða endurnýja faggildingu, búa yfir fullnægjandi þekkingu og reynslu til að meta faggildinguna.

60. gr.

Tæknisérfræðingar

1. Faggildingarstofu aðildarríkis er heimilt að hafa tæknisérfræðinga með í matshópnum til að láta í té ítarlega þekkingu og sérþekkingu á tilteknu viðfangsefni sem þörf er á til að aðstoða yfirmatsmann eða matsmann við að sinna matsstarfsemi.
2. Tæknisérfræðingur skal búa yfir þeirri hæfni sem nauðsynleg er til að aðstoða yfirmatsmann og matsmann á skilvirkan hátt við viðfangsefni þar sem þekkingar og sérþekkingar slíks sérfræðings er óskað. Að auki skal tæknisérfræðingur:
 - a) hafa þekkingu á tilskipun 2003/87/EB, framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2066 og framseldri reglugerð (ESB) .../... þegar hann metur hæfni sannprófanda og frammistöðu vegna gildissviðs nr. 98, sem um getur í I. viðauka við þessa reglugerð, þessari reglugerð, viðeigandi stöðlum og annarri viðkomandi löggjöf, sem og á gildandi viðmiðunarreglum,
 - b) hafa fullnægjandi skilning á sannprófunarstörfum.
3. Tæknisérfræðingur skal takast á hendur sérstök verkefni undir leiðsögn og með fullri ábyrgð yfirmatsmanns í hlutaðeigandi matshóp.

61. gr.

Verklagsreglur

Faggildingarstofa aðildarríkis skal fara að kröfunum sem komið var á skv. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008.

62. gr.

Kvartanir

Ef kvartanir berast faggildingarstofu aðildarríkis varðandi sannprófanda frá lögbæru yfirvaldi, rekstraraðila eða umráðanda loftfars eða öðrum hagsmunaaðilum skal faggildingarstofa aðildarríkisins, innan hæfilegs frests en eigi síðar en þremur mánuðum frá móttöku:

- a) ákveða hvort kvörtunin sé réttmæt,
- b) tryggja að viðkomandi sannprófandi fái tækifæri til að leggja fram athugasemdir,
- c) grípa til viðeigandi aðgerða til að bregðast við kvörtuninni,
- d) skrá kvörtunina og þær aðgerðir sem gripið er til, og
- e) svara þeim sem kvartaði.

63. gr.

Skrár og skjalahald

1. Faggildingarstofa aðildarríkis skal varðveita skrár um hvern þann einstakling sem tekur þátt í faggildingarferlinu. Meðal þessara skráa skulu vera skrár sem varða viðeigandi menntun og hæfi, þjálfun, reynslu, óhlutdrægni og hæfni sem nauðsynlegar eru til að sýna fram á að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar.
2. Faggildingarstofa aðildarríkis skal halda skrár yfir sannprófundann í samræmi við samhæfða staðalinn samkvæmt reglugerð (EB) nr. 765/2008 sem um getur í III. viðauka.

64. gr.

Aðgangur að upplýsingum og upplýsingaleynd

1. Faggildingarstofa aðildarríkis skal, með reglulegu millibili, gera upplýsingar um sig og faggildingarstarfsemi sína aðgengilegar öllum og uppfæra þær.
2. Faggildingarstofa aðildarríkis skal, í samræmi við 4. lið 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008, gera fullnægjandi ráðstafanir til að tryggja, eins og við á, að upplýsingar, sem aflað er, séu trúnaðarmál.

65. gr.

Jafningjamat

1. Faggildingarstofur aðildarríkjanna skulu reglulega gangast undir jafningjamat.

Jafningjamatið skal skipulagt af stofnuninni sem er viðurkennd skv. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008.

2. Stofnunin, sem er viðurkennd skv. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008, skal koma á viðeigandi viðmiðunum fyrir jafningjamat og skilvirku og óháðu jafningjamatsferli með það fyrir augum að meta hvort:

- a) landsbundna faggildingarstofan, sem skal gangast undir jafningjamatið, hafi annast faggildingarstarfsemi í samræmi við IV. kafla,
- b) landsbundna faggildingarstofan, sem skal gangast undir jafningjamatið, hafi uppfyllt þær kröfur sem mælt er fyrir um í þessum kafla.

Viðmiðanirnar skulu fela í sér hæfniskröfur til einstaklinga og hópa sem framkvæma jafningjamatið sem eru sértækar fyrir kerfið fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda sem komið var á fót með tilskipun 2003/87/EB.

3. Stofnunin, sem er viðurkennd skv. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008, skal birta niðurstöður jafningjamats á faggildingarstofu aðildarríkis og koma þeim á framfæri við framkvæmdastjórnina, landsyfirvöld, sem bera ábyrgð á faggildingarstofum í aðildarríkjunum, og lögbært yfirvald í aðildarríkjunum eða miðstöðina sem um getur í 2. mgr. 70. gr.

4. Ef faggildingarstofa aðildarríkis hefur gengist undir og staðist jafningjamat sem stofnunin, sem er viðurkennd skv. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008, skipulagði áður en þessi reglugerð öðlaðist gildi, skal sú landsbundna faggildingarstofa, með fyrirvara um 1. mgr., undanþegin því að gangast undir nýtt jafningjamat eftir gildistöku þessarar reglugerðar ef hún getur sýnt fram á að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar.

Í því skyni skal viðkomandi faggildingarstofa aðildarríkis leggja fram beiðni, ásamt nauðsynlegum gögnum, fyrir stofnunina sem er viðurkennd skv. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008.

Stofnunin, sem er viðurkennd skv. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008, skal ákveða hvort skilyrði fyrir veitingu undanþágu hafi verið uppfyllt.

Undanþágan skal gilda í ákveðinn tíma sem má mest vera þrjú ár frá þeim degi sem landsbundnu faggildingarstofunni var tilkynnt um ákvörðunina.

5. Landsyfirvaldið sem skv. 2. mgr. 55. gr. ber ábyrgð á verkefnum sem varða vottun á sannprófendum sem eru einstaklingar samkvæmt þessari reglugerð skal uppfylla sömu kröfur um trúverðugleika og landsbundnar faggildingarstofur sem hafa gengist undir og staðist jafningjamat.

Í því skyni skulu hlutaðeigandi aðildarríki tafarlaust, eftir að hafa tekið ákvörðun um að heimila landsyfirvaldi að annast vottun, útvega framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum öll viðeigandi skrifleg sönnunargögn. Ekkert landsyfirvald skal votta sannprófundur að því er varðar þessa reglugerð fyrir en hlutaðeigandi aðildarríki hefur útvegað þessi skriflegu sönnunargögn.

Hlutaðeigandi aðildarríki skal reglulega endurskoða hlutverk landsyfirvaldsins til að tryggja að það haldi áfram að uppfylla fyrrnefndar kröfur um trúverðugleika og skal upplýsa framkvæmdastjórnina um það.

66. gr.

Aðgerðir til úrbóta

1. Aðildarríkin skulu fylgjast með faggildingarstofum á sínum vegum með reglulegu millibili í þeim tilgangi að tryggja að þær uppfylli kröfur þessarar reglugerðar með samfelldum hætti, að teknu tilliti til niðurstaðna jafningjamatsins sem unnið var í samræmi við 65. gr.

2. Ef faggildingarstofa aðildarríkis uppfyllir ekki kröfurnar eða rækir ekki skyldur sínar eins og mælt er fyrir um í þessari reglugerð skal hlutaðeigandi aðildarríki grípa til viðeigandi aðgerða til úrbóta eða sjá til þess að gripid sé til slíkra aðgerða og skal upplýsa framkvæmdastjórnina um það.

67. gr.

Gagnkvæm viðurkenning á sannprófendum

1. Aðildarríkin skulu viðurkenna jafngildi þjónustu sem veitt er hjá landsbundnum faggildingarstofum sem hafa gengist undir og staðist jafningjamat. Aðildarríkin skulu taka faggildingarvottorð sannprófenda, sem þessar faggildingarstofur aðildarríkjanna hafa faggilt, gild og virða rétt sannprófenda til að annast sannprófun á gildissviði faggildingar sinnar.

2. Ef faggildingarstofa aðildarríkis hefur ekki gengist undir fullnaðarferli jafningjamats skulu aðildarríkin viðurkenna faggildingarvottorð sannprófenda, sem viðkomandi faggildingarstofa aðildarríkisins hefur faggilt, að því tilskildu að stofnunin, sem er viðurkennd skv. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008, hafi hafið jafningjamat á viðkomandi landsbundinni faggildingarstofu og hafi ekki greint neinar vanefndir á því að landsbundna faggildingarstofan hafi farið að ákvæðum þessarar reglugerðar.

3. Ef landsyfirvald, sem um getur í 2. mgr. 55. gr., annast vottun sannprófenda skulu aðildarríkin viðurkenna vottorð sem slíkt yfirvald hefur gefið út og virða rétt vottaðra sannprófenda til að annast sannprófun á gildissviði vottunar sinnar.

68. gr.

Vöktun á veittri þjónustu

Ef aðildarríki hefur komist að þeirri niðurstöðu, við skoðun sem gerð er í samræmi við 4. mgr. 31. gr. tilskipunar 2006/123/EB, að sannprófandi fari ekki að ákvæðum þessarar reglugerðar skal lögbært yfirvald eða faggildingarstofa viðkomandi aðildarríkis upplýsa landsbundnu faggildingarstofuna, sem hefur faggilt sannprófundann, um það.

Landsbundna faggildingarstofan, sem hefur faggilt sannprófundann, skal líta á slíkar upplýsingar sem hún móttækur sem kvörtun í skilningi 62. gr. og skal grípa til viðeigandi aðgerða og svara lögbæru yfirvaldi eða faggildingarstofu aðildarríkisins í samræmi við aðra undirgrein 2. mgr. 73. gr.

69. gr.

Skipti á rafrænum gögnum og notkun á sjálfvirkum kerfum

1. Aðildarríkjunum er heimilt að gera þá kröfu að sannprófundur noti rafræn sniðmát eða sértæk skráasnið fyrir sannprófunarskýrslur í samræmi við 1. mgr. 74. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066 eða í samræmi við 13. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) .../....

2. Heimilt er að gera stöðluð rafræn sniðmát eða forskriftir að skrásníðum aðgengileg fyrir annars konar boðskipti milli rekstraraðila, umráðanda loftfars, sannprófanda, lögbærs yfirvalds og faggildingarstofu aðildarríkis í samræmi við 2. mgr. 74. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066.

VI. KAFLI

UPPLÝSINGASKIPTI

70. gr.

Upplýsingaskipti og miðstöðvar

1. Aðildarríkin skulu koma á skilvirkum skiptum á viðeigandi upplýsingum og skilvirkri samvinnu milli landsbundinna faggildingarstofa sinna eða, eftir atvikum, landsyfirvalds, sem falin er ábyrgð á vottun sannprófenda, og lögbærs yfirvalds.

2. Ef fleiri en eitt lögbært yfirvald hefur verið tilnefnt í aðildarríki skv. 18. gr. tilskipunar 2003/87/EB skal aðildarríkið veita einu þessara lögbæru yfirvalda heimild til að vera miðstöð upplýsingaskipta sem sér um samræmingu á samvinnunni sem um getur í 1. mgr. og starfsemi sem um getur í þessum kafla.

71. gr.

Vinnuáætlun fyrir faggildingu og skýrsla framkvæmdastjórnar

1. Eigi síðar en 31. desember ár hvert skal faggildingarstofa aðildarríkis koma á framfæri við lögbært yfirvald í hverju aðildarríki vinnuáætlun fyrir faggildingu sem inniheldur skrá yfir sannprófundur sem viðkomandi landsbundin faggildingarstofa hefur faggilt og sem hafa tilkynnt faggildingarstofunni skv. 77. gr. að þeir hafi í hyggju að annast sannprófanir í þessum aðildarríkjum. Í vinnuáætluninni fyrir faggildingu skulu a.m.k. koma fram eftirfarandi upplýsingar varðandi sérhvern sannprófanda:

- staður og stund sem áætlað er að sannprófun fari fram,
- upplýsingar um starfsemi sem faggildingarstofa aðildarríkisins hefur áætlað varðandi viðkomandi sannprófanda, einkum eftirlits- og endurmatsstarfsemi,
- dagsetningar fyrir fyrirhugaðar úttektir til staðfestingar, sem faggildingarstofa aðildarríkisins skal gera til að meta sannprófundann, þ.m.t. heimilisfang og samskiptaupplýsingar rekstraraðila eða umráðenda loftfara sem verða heimsóttir við staðfestingarúttektina,
- upplýsingar um hvort faggildingarstofa aðildarríkisins hafi beðið faggildingarstofuna í því aðildarríki þar sem sannprófundinn annast sannprófun um að sinna eftirlitsstörfum.

Ef upplýsingarnar, sem um getur í fyrstu undirgrein, breytast skal faggildingarstofa aðildarríkisins senda lögbæru yfirvaldi uppfærða vinnuáætlun eigi síðar en 31. janúar ár hvert.

2. Eftir að vinnuáætlun fyrir faggildingu hefur verið lögð fram í samræmi við 1. mgr. skal lögbæra yfirvaldið útvega faggildingarstofu aðildarríkisins allar viðeigandi upplýsingar, þ.m.t. um viðkomandi landslöggegjöf eða viðmiðunarreglur.

3. Eigi síðar en 1. júní ár hvert skal faggildingarstofa aðildarríkis koma skýrslu framkvæmdastjórnar á framfæri við lögbæra yfirvaldið. Í skýrslu framkvæmdastjórnar skulu a.m.k. koma fram eftirfarandi upplýsingar í tengslum við sérhvern sannprófanda sem viðkomandi faggildingarstofa aðildarríkisins hefur faggilt:

- upplýsingar um faggildingu á sannprófundum sem sú faggildingarstofa aðildarríkis hefur nýlega faggilt, þ.m.t. gildissvið faggildingar fyrir þessa sannprófundur,
- allar breytingar sem orðið hafa á gildissviði faggildingar fyrir þessa sannprófundur,
- samantekt á niðurstöðum eftirlits- og endurmatsstarfsemi sem faggildingarstofa aðildarríkisins hefur framkvæmt,
- samantekt á niðurstöðum úr sérstöku aukamati sem hefur verið unnið, þ.m.t. ástæður þess að ákveðið var að vinna slíkt aukamat,
- allar kvartanir sem hafa verið lagðar fram gegn sannprófanda síðan síðasta skýrsla framkvæmdastjórnar var gerð og þær aðgerðir sem faggildingarstofa aðildarríkisins hefur gripið til,
- nákvæmar upplýsingar um aðgerðir sem faggildingarstofa aðildarríkis hefur gripið til, til að bregðast við þeim upplýsingum sem lögbært yfirvald hefur deilt, nema faggildingarstofa aðildarríkisins hafi litið á upplýsingarnar sem kvörtun í skilningi 62. gr.

72. gr.

Upplýsingaskipti um stjórnsýsluráðstafanir

Ef faggildingarstofa aðildarríkis hefur lagt stjórnsýsluráðstafanir á sannprófanda skv. 54. gr. eða ef tímabundin niðurfelling faggildingar hefur verið afturkölluð eða úrskurður eftir áfrýjun hefur fellt úr gildi ákvörðun faggildingarstofu aðildarríkis um að leggja á stjórnsýsluráðstafanirnar sem um getur í 54. gr. skal faggildingarstofa aðildarríkisins upplýsa eftirfarandi aðila um það:

- a) lögbært yfirvald í því aðildarríki þar sem sannprófundinn er faggiltur,
- b) lögbært yfirvald og landsbundna faggildingarstofu í hverju því aðildarríki þar sem sannprófundinn annast sannprófanir.

73. gr.

Upplýsingaskipti af hálfu lögbærs yfirvalds

1. Lögbært yfirvald í aðildarríki þar sem sannprófandi annast sannprófun skal á hverju ári koma a.m.k. eftirfarandi upplýsingum á framfæri við faggildingarstofu aðildarríkisins sem hefur faggilt viðkomandi sannprófanda:

- a) viðeigandi niðurstöðum athugana á skýrslu rekstraraðila og umráðanda loftfars og sannprófunarskýrslum, einkum ef komið hafa í ljós vanefndir hjá viðkomandi sannprófanda á því að fara að ákvæðum þessarar reglugerðar,
 - b) niðurstöðum skoðunar á rekstraraðila eða umráðanda loftfars ef þær niðurstöður skipta máli fyrir faggildingarstofu aðildarríkisins að því er varðar faggildingu sannprófanda og eftirlit með honum eða þar sem niðurstöðurnar fela í sér að komið hafa í ljós vanefndir hjá viðkomandi sannprófanda á því að fara að ákvæðum þessarar reglugerðar,
 - c) niðurstöðum úr mati á innri sannprófunargögnum viðkomandi sannprófanda ef lögbært yfirvald hefur metið innri sannprófunargögnin skv. 3. mgr. 26. gr.,
 - d) kvörtunum sem lögbæru yfirvaldi hafa borist varðandi viðkomandi sannprófanda.
2. Ef upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., sýna fram á að lögbært yfirvald hafi greint vanefndir hjá sannprófanda á því að fara að ákvæðum þessarar reglugerðar skal faggildingarstofa aðildarríkisins líta á slíkar upplýsingar sem hún móttækur sem kvörtun frá lögbæra yfirvaldinu varðandi viðkomandi sannprófanda í skilningi 62. gr.

Faggildingarstofa aðildarríkisins skal grípa til viðeigandi aðgerða til að bregðast við slíkum upplýsingum og svara lögbæra yfirvaldinu innan hæfilegs frests en eigi síðar en þremur mánuðum frá móttöku. Faggildingarstofa aðildarríkisins skal upplýsa lögbært yfirvald í svari sínu um þær aðgerðir sem hún hefur gripið til og þar sem við á, hvaða stjórnsýsluráðstafanir hafa verið lagðar á sannprófundann.

74. gr.

Upplýsingaskipti varðandi eftirlit

1. Ef landsbundinni faggildingarstofu í aðildarríki þar sem sannprófandi annast sannprófun hefur borist beiðni skv. 5. mgr. 50. gr. um að sinna eftirlitsstörfum skal sú landsbundna faggildingarstofa upplýsa faggildingarstofu aðildarríkisins, sem hefur faggilt sannprófundann, um niðurstöður sínar nema samkomulag sé um annað milli beggja landsbundnu faggildingarstofanna.

2. Landsbundna faggildingarstofan, sem faggilti sannprófundann, skal taka tillit til niðurstaðnanna sem um getur í 1. mgr. þegar hún metur hvort sannprófandi uppfylli kröfur þessarar reglugerðar.

3. Ef niðurstöðurnar, sem um getur í 1. mgr., sýna að sannprófandi fari ekki að ákvæðum þessarar reglugerðar skal landsbundna faggildingarstofan, sem faggilti sannprófundann, grípa til viðeigandi samkvæmt þessari reglugerð og upplýsa landsbundnu faggildingarstofuna, sem hefur sinnt eftirlitsstörfum, um eftirfarandi:

- a) til hvaða aðgerða landsbundna faggildingarstofan, sem faggilti sannprófundann, hefur gripið,
- b) eftir því sem við á, hvernig sannprófundinn brást við niðurstöðunum,
- c) þar sem við á, hvaða stjórnsýsluráðstafanir hafa verið lagðar á sannprófundann.

75. gr.

Upplýsingaskipti við aðildarríki þar sem sannprófandinn hefur staðfestu

Ef sannprófandi hefur hlotið faggildingu hjá landsbundinni faggildingarstofu í öðru aðildarríki en því aðildarríki þar sem hann hefur staðfestu skal lögbært yfirvald í aðildarríkinu þar sem sannprófandinn hefur staðfestu einnig fá vinnuáætlun fyrir faggildingu og skýrslu framkvæmdastjórnar, sem um getur í 71. gr., sem og upplýsingarnar sem um getur í 72. gr.

76. gr.

Gagnagrunnur um faggilta sannprófundur

1. Faggildingarstofur aðildarríkjanna eða, eftir atvikum, landsyfirvöld sem um getur í 2. mgr. 55. gr. skulu setja upp og hafa umsjón með gagnagrunni og veita öðrum landsbundnum faggildingarstofum, landsyfirvöldum, sannprófundum, rekstraraðilum, umráðendum loftfara og lögbærum yfirvöldum aðgang að þessum gagnagrunni.

Stofnunin, sem er viðurkennd skv. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008, skal greiða fyrir og samræma aðgang að gagnagrunnunum til að auðvelda skilvirk og kostnaðarhagkvæm boðskipti milli landsbundinna faggildingarstofa, landsyfirvalda, sannprófenda, rekstraraðila, umráðenda loftfara og lögbærra yfirvalda og stofnuninni er heimilt að sameina þessa gagnagrunna í einn miðlægan gagnagrunn.

2. Í gagnagrunninum, sem um getur í 1. mgr., skulu a.m.k. eftirfarandi upplýsingar koma fram:

- a) nafn og heimilisfang hvers sannprófanda sem viðkomandi faggildingarstofa aðildarríkis hefur faggilt,
- b) aðildarríkin þar sem sannprófandi annast sannprófun,
- c) gildissvið faggildingar hvers sannprófanda,
- d) hvaða dag faggildingin var veitt og hvaða dag hún fellur úr gildi,
- e) upplýsingar um stjórnarsýsluráðstafanir sem hafa verið lagðar á sannprófundann.

Upplýsingarnar skulu vera aðgengilegar öllum.

77. gr.

Tilkynning frá sannprófundum

1. Í því skyni að gera faggildingarstofu aðildarríkis kleift að taka saman drög að vinnuáætlun fyrir faggildingu og skýrslu framkvæmdastjórnar, sem um getur í 71. gr., skal sannprófandi, eigi síðar en 15. nóvember ár hvert, senda landsbundnu faggildingarstofunni, sem faggilti viðkomandi sannprófanda, eftirfarandi upplýsingar:

- a) áætlaðan stað og stund sannprófana sem sannprófandinn á að annast samkvæmt áætlun,
- b) heimilisfang og samskiptaupplýsingar rekstraraðila eða umráðenda loftfara þar sem hann á að sannprófa skýrslur um losun, skýrslur um tonnklómetra, skýrslur um grunn gögn eða skýrslur með gögnum um nýja aðila,
- c) nöfn aðila í sannprófunarhópnum og gildissvið faggildingarinnar sem starfsemi rekstraraðila eða umráðanda loftfars fellur undir.

2. Ef upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., breytast skal sannprófandinn tilkynna faggildingarstofunni um breytingarnar innan þess tímaramma sem samið hefur verið um við viðkomandi landsbundna faggildingarstofu.

VII. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

78. gr.

Niðurfelling reglugerðar (ESB) nr. 600/2012 og umbreytingarákvæði

1. Reglugerð (ESB) nr. 600/2012 er felld úr gildi frá og með 1. janúar 2019 eða frá gildistökudegi þessarar reglugerðar, eftir því hvort kemur síðar.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í IV. viðauka.

2. Ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 600/2012 skulu gilda áfram um sannprófun losunar og, eftir atvikum, gögn um starfsemi sem á sér stað fyrir 1. janúar 2019.

79. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2019 eða frá gildistöku þessarar reglugerðar, eftir því hvort kemur síðar.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. desember 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Gildissvið faggildingar fyrir sannprófendur

Gildissvið faggildingar fyrir sannprófendur skal tilgreint í faggildingarvottorðinu með því að nota eftirfarandi flokka starfsemi skv. I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB og aðra starfsemi skv. 10. gr. a og 24. gr. tilskipunar 2003/87/EB. Þessi ákvæði skulu gilda á sama hátt um sannprófendur sem landsyfirvald hefur faggilt í samræmi við 2. mgr. 55. gr. þessarar reglugerðar.

Númer starfsemisflokks	Gildissvið faggildingar
1a	Bruni eldsneytis í stöðvum þar sem einungis er notað staðlað eldsneyti á markaði, eins og skilgreint er í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2066, eða þar sem jarðgas er notað í stöðvum í flokki A eða flokki B.
1b	Bruni eldsneytis í stöðvum, án takmarkana
2	Hreinsun jarðolíu
3	— Koksframleiðsla — Brennsla eða glæðing, einnig köggulun, málmgrýtis (þ.m.t. brennisteinsgrýti) — Framleiðsla á hrájárn eða stáli (fyrsta eða önnur bræðsla), þ.m.t. samfelld málmsteypa
4	— Framleiðsla eða vinnsla á járnrikum málmum (þ.m.t. járnblendi) — Framleiðsla á endurunnu áli — Framleiðsla eða vinnsla á járnlausum málmum, þ.m.t. framleiðsla á málmblendi
5	Framleiðsla á hrááli (losun á koltvísýringi og perflúorókölefni)
6	— Framleiðsla á sementsgjalli — Framleiðsla á kalki eða glæðing á dólómíti eða magnesíti — Framleiðsla á gleri, þ.m.t. glertréffjar — Framleiðsla á leirvörum með brennslu — Framleiðsla á einangrunarefni úr steinull — Þurrkun eða glæðing á gifsi eða framleiðsla á gifspötum og öðrum gifsvörum
7	— Framleiðsla á pappírseigi úr viði eða öðrum trefjaefnum — Framleiðsla á pappír eða pappa
8	— Framleiðsla á kinroki — Framleiðsla á ammoníaki — Framleiðsla á lífrænum íðefnum í lausu með sundrun, umbreytingu, oxun að hluta eða til fulls, eða með svipuðum ferlum — Framleiðsla á vetni (H ₂) og tilbúnu gasi með umbreytingu eða hlutaöxun — Framleiðsla á sóða (Na ₂ CO ₃) og natríumbíkarbónati (NaHCO ₃)
9	— Framleiðsla á saltpéturssýru (losun á CO ₂ og N ₂ O) — Framleiðsla á adipínsýru (losun á CO ₂ og N ₂ O) — Framleiðsla á glýoxali og glýoxýlsýru (losun á CO ₂ og N ₂ O)
10	— Föngun gróðurhúsalofttegunda frá stöðvum sem falla undir tilskipun 2003/87/EB í því skyni að flytja þær til geymslu í jörðu á stað sem hefur hlotið leyfi samkvæmt tilskipun 2009/31/EB — Flutningur gróðurhúsalofttegunda eftir leiðslum til geymslu í jörðu á stað sem hefur hlotið leyfi samkvæmt tilskipun 2009/31/EB

Númer starfsemisflokks	Gildissvið faggildingar
11	Geymsla gróðurhúsalofttegunda í jörðu á stað sem hefur hlotið leyfi samkvæmt tilskipun 2009/31/EB
12	Flugstarfsemi (gögn um losun og tonnklómetra)
98	Önnur starfsemi skv 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB
99	Önnur starfsemi, sem aðildarríki tilgreinir skv. 24. gr. tilskipunar 2003/87/EB, sem er nánar skilgreind í faggildingarvottorðinu

*II. VIÐAUKI***Kröfur til sannprófenda**

Að því er varðar kröfur til sannprófenda gildir samhæfði staðallinn samkvæmt reglugerð (EB) nr. 765/2008 um kröfur til fullgildingar- og sannprófunaraðila í tengslum við gróðurhúsalofttegundir til notkunar við faggildingu eða annars konar viðurkenningu. Að auki gilda eftirfarandi verklagsreglur, ferli og tilhögun sem um getur í 1. mgr. 41. gr.:

- a) ferli og viðmiðunarreglur varðandi boðskipti við rekstraraðila eða umráðendur loftfara og aðra viðkomandi aðila,
- b) fullnægjandi ráðstafanir til að tryggja að upplýsingar, sem aflað er, séu trúnaðarmál,
- c) ferli til að bregðast við áfrýjunum,
- d) ferli til að bregðast við kvörtunum (þ.m.t. leiðbeinandi tímaáætlun),
- e) ferli við að gefa út endurskoðaða sannprófunarskýrslu ef skekkja hefur komið í ljós í sannprófunarskýrslunni eða skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars eftir að sannprófandi hefur lagt sannprófunarskýrsluna fyrir rekstraraðila eða umráðanda loftfars til áframhaldandi framlagningar til lögbærs yfirvalds,
- f) verklagsreglur eða ferli við útvistun á sannprófunarstörfum til annarra stofnana.

*III. VIÐAUKI***Lágmarkskröfur varðandi faggildingarferli og kröfur til faggildingarstofa**

Að því er varðar lágmarkskröfur fyrir faggildingu og kröfur til faggildingarstofa gildir samhæfði staðallinn samkvæmt reglugerð (EB) nr. 765/2008 varðandi almennar kröfur vegna faggildingarstofa sem faggilda samræmismatsstofur.

IV. VIÐAUKI

Samsvörunartafla

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 600/2012	Þessi reglugerð
1. gr. til 31. gr.	1. gr. til 31. gr.
—	32. gr.
32. gr. til 78. gr.	33. gr. til 79. gr.
I. til III. viðauki	I. til III. viðauki
—	IV. viðauki